FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

XX. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 6. SEPTEMBER 2017

## N1 vill greiða minna vegna samdráttar hjá Krónunni

**N1 fer fram á að greiða lægra verð en 38 milljarða fyrir Festi, næst stærsta smásölufélag landsins. Afkoman sögð vera tíu prósentum undir áætlunum. Sölusamdráttur hjá Krónunni vegur þar þyngst.**

**VIÐSKIPTI** Olíufélagið N1 fer fram á að greiða lægra verð en tæplega 38 milljarða fyrir allt hlutafé Festar, næsta stærsta smásölufélags landsins, eins og gert var ráð fyrir í kaupsamkomulagi sem var undirritað í júní. Þar vegur þyngst að afkoma Krónunnar á undanförnum mánuðum hefur verið nokkuð undir áætlunum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stjórnendur N1 vísa til þess, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að í samningunum séu leiðréttingarákvæði sem kveði á um að kaupverðið skuli taka breytingum reynist afkoma félaganna ekki í samræmi við helstu skilmála kaupsamkomulagsins. Nú sé búist við að hagnaður verslana í rekstri Festar fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) verði í kringum tíu prósentum lægri á yfirstandandi rekstrarári en spár höfðu áður gert ráð fyrir, samkvæmt heimildum.

Þegar tilkynnt var um kaup N1 á öllu hlutafé Festar fyrir um þremur mánuðum kom fram að 37,9 milljarða króna heildarvirði Festar grundvallaðist meðal annars á áætlunum um að afkoma rekstrarfélaganna – Krónunnar, Elko, Nóatúns og Kjarvals – yrði 2.125 milljónir. Útlit fyrir lakari afkomu er sagt endurspegla sölusamdrátt hjá Krónunni eftir að Costco opnaði heildsöluverslun sína í lok maímánaðar en á móti kemur að rekstur raftækjaverslunarinnar Elko, sem er einnig í eigu Festar, hefur gengið betur en búist var við.

Ekki fást upplýsingar um hversu mikinn afslátt N1 hyggst fara fram á af áður umsömdu kaupverði í viðræðum sínum við Festi en tillögur N1 að lægra kaupverði hafa enn ekki verið formlega ræddar á fundum stjórnenda félaganna, eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

**37,9**
**milljarðar var heildarvirði Festar miðað við skilmála samkomulagsins í júní.**

Viðræður um endanlegan kaupsamning milli N1 og Festar standa enn yfir og er gert ráð fyrir niðurstöðu á þriðja ársfjórðungi. Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður Festar og einn stærsti hluthafi félagsins, segist í samtali við Markaðinn ekkert geta tjáð sig um viðræðurnar. Unnið sé að því að ljúka kaupsamningi.

Þá segir Hreggviður að í skilmálum samkomulagsins í júní hafi verið gert ráð fyrir ákveðnu kaupverði og að það gæti orðið hærra ef afkoma rekstrarfélaga Festar reynist umfram áætlanir. Ekki standi til að gera breytingar á þeim skilmálum af hálfu Festar.

Lakari afkoma af rekstri Krónunnar er til marks um að verslunarkeðjan, rétt eins og smásölurisinn Hagar, hefur ekki farið varhluta af innkomu Costco á íslenskan dagvörumarkað. – hae / sjá Markaðinn

## Magnaður sigur



Örlög íslenska karlalandsliðsins eru í eigin höndum eftir frábæran 2-0 sigur á Úkraínu í gærkvöldi. Önnur úrslit í riðlinum þýða að Ísland er jafnt Króatíu að stigum á toppi riðilsins. Gylfi Þór Sigurðsson var fremstur meðal jafningja en hann skoraði bæði mörk íslenska liðsins í síðari hálfleik. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Skipað að leggja parket á bleytu

**REYKJAVÍK** „Ég varaði við þessu og það var gert lítið úr mér. Þá fékk ég uppáskrifað að ég myndi aldrei bera ábyrgð á þessu,“ segir húsasmíðameistarinn Sigurður Waage, sem sá um að leggja parket í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur þegar þær voru byggðar.

Sigurður staðfestir að honum hafi verið gert að leggja parket í flýti á hráblaut gólf vesturhúss höfuðstöðvanna. Ástæðan fyrir því var sú að ekki mátti verða dráttur á verkinu.

„Ég sagði að ég gæti ekki borið ábyrgð á þessu og lagði til að leggja teppi í ár meðan gólfið næði eðlilegum raka. Þá sagði eftirlitsverkfræðingur við mig: „Við erum hér til að leysa málin, drengur,“ og með því var það afgreitt.“ segir Sigurður.

– smj / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Áslaug Friðriksdóttir segir nóg komið af subbuskap í borginni. 10

**SPORT** Ísland leikur lokaleik sinn á EM í körfubolta. 14

**LÍFIÐ** Fréttir af gjaldþroti kvikmyndarinnar Djúpsins komu mörgum á óvart en Kristinn Þórðarson, formaður SÍK, segir það ekki algengt að íslenskar myndir fari í þrot. 26



**PLÚS 1 SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







Sýndu hvað í þér býr
Ókeypis kynningartími
7. september kl. 20:00

Ármúli 11, 3. hæð
Skráning á www.dale.is

## Veður




Norðvestan kaldi norðaustan til í dag og rigning en hægari vindur sunnan- og vestanlands og léttir til. Hiti 7 til 15 stig en lægir og kólnar víða norðan til með kvöldinu.
SJÁ SÍÐU 20

# Rithöfundar gegn rithöfundum



Gestum og gangandi bauðst að reyna fyrir sér í krikket í Hljómskálagarðinum í gær. Það var breska krikketfélagið The Authors sem leiddi fólk í gegnum leyndardóma íþróttarinnar. Félagið var stofnað árið 1891 fyrir rithöfunda til að koma saman og spila en viðburðurinn markaði upphaf Bókmenntahátíðar. Meðal þeirra sem tóku í kylfuna var Stefán Pálsson. Af svip hans að dæma virðist hann eiga eitthvað sökótt við boltann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fer fram á sjö milljónir vegna handtöku

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á framgöngu tveggja lögreglumanna við handtöku manns við Hamborgarabúlluna í Kópavogi í vor er lokið. Málinu hefur verið vísað til ákærusviðs héraðssaksóknara. Ekki liggur fyrir hvort ákæra verður gefin út. Sá sem kærði lögreglumennina fer fram á tæpar sjö milljónir í bætur; þrjár milljónir í miskabætur, tæpar þrjár milljónir í skaðabætur vegna tekjumissis og tímabundins atvinnutjóns, auk þjáningarbóta. Fréttablaðið gerði málinu ítarleg skil síðla sumars, en maðurinn tvífótbrotnaði við handtökuna.

Maðurinn, sem er á fimmtugsaldri, starfaði sem bifvélavirki. Hann hafði ekki áunnið sér veikindarétt og var sagt upp vegna fjarveru frá störfum í kjölfar handtökunnar. – aá

## 300 milljarðar þvættir í Danske Bank

**DANMÖRK** Stjórnvöld í Aserbaídsjan eru meðal þeirra sem hafa um fjögurra ára skeið hvítþegið um 18 milljarða danskra króna, eða rétt rúma 300 milljarða íslenskra króna, í gegnum útibú Danske Bank í Eistlandi. Berlingske greinir frá.

Peningarnir frá Aserbaídsjan hafa meðal annars farið í vasa stjórnmálamanna, háttsettra embættismanna og áhrifamikilla fjölmiðlamanna víða um heim. Markmiðið með peningagreiðslunum var að kaupa jákvæða umfjöllun um Aserbaídsjan.

Viðskiptaráðherra Danmerkur, Brian Mikkelsen, segir vanrækslu Danske Bank mikla.

Bankinn hefur ráðið fyrrverandi yfirmann leyniþjónustu dönsku lögreglunnar til að tryggja að farið sé eftir reglum um peningaþvætti. – ibs

## Peter Madsen í mánaðarlangt gæsluvarðhald

**DANMÖRK** Danski auðkýfingurinn Peter Madsen var í gær úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald í dönskum undirrétti. Hann er grunaður um að hafa ráðið sænsku blaðakonunni Kim Wall bana í síðasta mánuði um borð í kafbát sínum.

Madsen sagði fyrir dómi í gær að Wall hefði látist eftir að þungur hleri féll á höfuð hennar. Á hún að hafa hlotið af opið höfuðkúpubrot og látist í kjölfarið. Saksóknari taldi líkur á því að Madsen gæti reynt að spilla rannsókn málsins fengi hann að leika lausum hala á meðan rannsókn stendur yfir. Dómari féllst á það. – jóe

**Madsen sagði fyrir dómi í gær að Wall hefði látist eftir að þungur hleri féll á höfuð hennar.**

# Tjón á fjölda bíla eftir mistök á Kirkjusandi

**Mistök hjá undirverktaka á Kirkjusandsreitnum urðu til þess að tjón varð á fjölda bíla. Stálbitar sem átti að pensla voru sprautaðir með þeim afleiðingum að málningaragnir bárust yfir hús og bíla. Lakk og rúður eru sem hraunuð.**

**SAMFÉLAG** „Ég er náttúrulega mjög ósáttur við þetta,“ segir Jóhann Vilhjálmsson, byssusmiður og íbúi á Laugarnesvegi, einn þeirra mörgu íbúa í nágrenni við framkvæmdasvæðið á Kirkjusandi sem uppgötvuðu tjón á bifreiðum sínum um miðja síðustu viku. Mistök urðu til þess að málningaragnir bárust frá framkvæmdasvæðinu yfir nærliggjandi byggð með þeim afleiðingum að bílrúður og lakk bifreiða sat eftir hrjúft og hraunað. Verktakinn sem sér um niðurrif bygginga á Kirkjusandsreitnum segir undirverktaka bera ábyrgð á mistökunum. Málið sé tryggingamál og verði bætt.

Umræða hófst um málið í Facebook-hópi íbúa í Laugarneshverfi í síðustu viku þar sem íbúar tóku eftir því að ekki væri allt með felldu. Jóhann er einn þeirra og segir í samtali við Fréttablaðið að það sé eins og rúður og lakk bifreiða hafi verið sandblásið. Fólksbifreið og húsbíll hans hafi orðið fyrir þessu tjóni.

„Bíllinn er alveg hraunaður frá toppi til táar. Bíllinn er bara ónýtur og þetta er glænýr bíll,“ segir kona sem hafði samband við Fréttablaðið vegna málsins en baðst undan því að koma fram undir nafni. Hún hafði átt erindi á Laugarnesveginn í síðustu viku vegna vinnu og lagt bíl sínum þar í tæpa tvo tíma með þessum afleiðingum. Hún hvetur íbúa í nágrenninu til að athuga bíla sína en einnig hús og gluggarúður.

Undir það tekur Jóhann sem telur að tjónið kunni að vera talsvert.

„Ég fékk þau svör að verið væri að vinna í málinu en það er fínt að fólk viti af þessu. Það eru örugglega ekkert allir sem vita af þessu ennþá.“




Niðurrif á Kirkjusandi. Mistök á framkvæmdasvæðinu í síðustu viku urðu til þess að tjón varð á bifreiðum íbúa í nærliggjandi hverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Work North ber enga ábyrgð á þessu, það var undirverktaki sem gerði þarna mistök.**

Þorsteinn Auðunn Pétursson, framkvæmdastjóri Work North

Þorsteinn Auðunn Pétursson, framkvæmdastjóri Work North sem sér um niðurrif á svæðinu, segir að undirverktaki hafi verið fenginn til að mála stálbita sem var í skemmu þegar eitthvað fór úrskeiðis. Í stað þess að pensla bitana hafi þeir verið sprautaðir.

„Work North ber enga ábyrgð á þessu, það var undirverktaki sem gerði þarna mistök.“

Hann kveðst ekki hafa upplýsingar um umfang tjónsins en einhverjir hafi sett sig í samband við hann vegna málsins. Hann ítrekar að málið sé tryggingamál. Öll fyrirtæki séu með frjálsa ábyrgðartryggingu gagnvart þriðja aðila og ef tjónið sé sök undirverktakans þá greiði tryggingafélag viðkomandi það.

mikael@frettabladid.is

**Hefur þú verið að berjast við geðræn veikindi?**

**ÞÚ GETUR!** auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki. Upplýsingar um umsóknarferli er að finna á www.thugetur.

Markmið Forvarna- og fræðslusjóðsins **ÞÚ GETUR!** eru að vekja athygli á mikilvægi góðrar geðheilsu, vinna gegn fordómum og styrkja þá sem átt hafa við geðræn veikindi að stríða til náms.

Þeim sem vilja styrkja starf sjóðsins er bent á söfnunarreikning Forvarna- og fræðslusjóðsins **ÞÚ GETUR!** 0336-26-1300 og kt. 621008-0990.

Stjórn ÞÚ GETUR!
**Ólafur Þór Ævarsson**, formaður
**Siv Friðleifsdóttir**, ritari
**Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir**, gjaldkeri
**Sigurður Guðmundsson**, meðstjórnandi
**Pálmi Matthíasson**, meðstjórnandi

Þú getur!
Forvarna- og fræðslusjóður




## Þjónustan kemur af sjálfu sér

Þú vilt allt það besta fyrir þinn AYGO og nú fylgir **með í kaupunum þjónustuskoðun og smurning í tvö ár**.
Njóttu þess að leggja ást við það sem veitir þér gleði. Farðu og sleppu þér af því að þjónustan fylgir í kaupbæti.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ríkið í samningaviðræður við kennara og háskólafólk í haust

**KJARAMÁL** Samningaviðræður ríkisins við 17 aðildarfélög BHM eru hafnar og í nóvember hefjast formlegar kjaraviðræður við Félag framhaldsskólakennara. Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir mikilvægt að í komandi kjaraviðræðum leggi ríkið fram áætlun um það hvernig eigi að jafna laun milli opinbera markaðarins og almenna markaðarins. „Svo eru fjölmörg önnur atriði sem varða innri útfærslur á okkar kjarasamningi varðandi vinnutímaákvæði, kennsluskyldu og annað,“ segir Guðríður.

Guðríður segir engar áætlanir hafa verið lagðar fram um jöfnun lífeyrisréttinda. „Það hefur bara ekkert komið fram, bara ekki neitt. Það var farið fram með talsverðu offorsi fyrir áramót að breyta lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Það var talað um að því ætti þá að fylgja jöfnun á launum milli markaða,“ segir Guðríður. Það sé ekki hægt að réttlæta launamun milli opinbera markaðarins og almenna markaðarins þegar búið er að jafna lífeyrisréttindin.


Benedikt Jóhannesson, fjármálaráðherra

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði á blaðamannafundi í gær að áherslan væri á að viðhalda þeirri kaupmáttaraukningu sem orðið hefur á undanförnum árum og byggja upp samkeppnishæft starfsumhverfi ríkisins. „Við nálgumst þetta verkefni við samningaviðræðurnar sem samstarfsverkefni við verkalýðsfélögin. Það er búið að lýsa því yfir að við ætlum að jafna kjör á almennum og opinberum markaði. Það hafa verið stigin mikilvæg skref í þá átt við samræmingu lífeyrisréttinda sem verður að fullu lokið á miðju næsta ári og í síðustu kjarasamningum lýsti ríkið því yfir að það vildi vinna að þessari samræmingu,“ segir Benedikt. **– jhh**

## Sýknu Björgólfs í París áfrýjað

**FRAKKLAND** Saksóknari í París hefur áfrýjað sýknudómi yfir Björgólfi Guðmundssyni, fyrrverandi aðaleiganda Landsbankans, og Gunnari Thoroddsen, fyrrverandi yfirmanni bankans í Lúxemborg. Þeir höfðu verið ákærðir fyrir fjársvik.

Undir lok síðasta mánaðar voru tvímenningarnir, ásamt sjö öðrum, sýknaðir af ákæru um að hafa blekkt meira en hundrað manns til að taka veðlán hjá bankanum í Lúxemborg. Farið hafði verið fram á þriggja ára skilorðsbundið fangelsi yfir Björgólfi og að hann greiddi andvirði 33 milljóna króna í sekt. **– ktd**


Björgólfur Guðmundsson.

## Falinn kostnað veikra burt

**HEILBRIGÐISMÁL** Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, segir þörf á aðgerðum vegna hás kostnaðar krabbameinssjúkra sem fellur utan nýs greiðsluþátttökukerfis.

Heilbrigðisráðherra ræddi um nýja krabbameinsáætlun og greiðsluþátttökukerfi almennings í helgarblaði Fréttablaðsins og sagði stefnt að enn frekari lækkun kostnaðar. Halla segir ljóst að taka verði á þeim falda kostnaði sem er bein afleiðing veikinda. „Til dæmis kostnaður vegna tannlækninga, vegna lyfja sem eru nauðsynleg en ekki niðurgreidd, vegna tæknifrjóvgunar og sálfræðiþjónustu.“ **– kbg**


Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins.

# Smiðnum veitt skaðleysi fyrir að leggja parket á blaut gólfin

**Húsasmíðameistarinn sem lagði parketið í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur segir aðvaranir hans um ástand gólfa í vesturhúsi höfuðstöðvanna hafi verið hundsaðar. Svo hafi legið á að ljúka framkvæmdum og opna húsið.**


Skrifstofur OR. Vesturhúsið stendur autt, enda talið svo gott sem ónothæft sökum raka og myglu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**REYKJAVÍK** „Ég varaði við þessu og það var gert lítið úr mér. Þá fékk ég uppáskrifað að ég myndi aldrei bera ábyrgð á þessu,“ segir húsasmíðameistarinn Sigurður Waage, sem sá um að leggja parket í höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur þegar þær voru byggðar. Sigurður staðfestir að honum hafi verið gert að leggja parket á hráblaut gólf vesturhúss höfuðstöðvanna og að þeim sem stýrðu framkvæmdunum hafi legið svo á að þeir voru reiðubúnir að fría hann ábyrgð af verkinu. Slík var pressan við að fresta ekki opnun hússins.

Sigurður segist hafa varað við gólfum vesturhússins á fundi undirverktaka á byggingartímanum, en þær áhyggjur voru slegnar út af borðinu. Frásögn Sigurðar varpar frekara ljósi á hroðvirkni við byggingu höfuðstöðva OR sem leitt hefur til þess að vesturhúsið er talið svo gott sem ónothæft sökum raka og myglu. Svo virðist sem raki hafi ekki aðeins átt greiða leið inn um útveggina, heldur hafi gólfin verið vandamál frá upphafi.

Gólf vesturhússins eru frábrugðin hefðbundnari steyptum gólfum eins og er að finna í austurhúsi OR-hússins. Sigurður segir gólfin samanstanda af trapisustálgrind með lagnarennum sem síðan hafi verið steypt í.

„Ég var ekki sáttur við að leggja ætti rakavarnarlag ofan á blaut gólfin. Þú lokar ekki rakann inni því allt efni sem við byggjum úr þarf súrefni. Það er eðlilegt að það sé raki en hann verður að komast einhvers staðar út.“

Álitið sem Sigurður bar upp á fundi undirverktaka var eins og hann orðar það að „gólfin yrðu aldrei í lagi“ ef það yrði stálskúffa undir og rakavarnarlag yfir þeim. „Ég var bara jarðaður. Ég sagði að ég gæti ekki borið ábyrgð á þessu og lagði til að leggja teppi í ár meðan gólfið næði eðlilegum raka. Þá sagði eftirlitsverkfræðingur við mig: „Við erum hér til að leysa málin, drengur,“ og með því var það afgreitt,“ segir Sigurður. „Ég sagði að ég myndi vilja fá yfirlýsingu um að ég bæri enga ábyrgð á þessum gólfum því þau yrðu alltaf sjúk. Sem ég og fékk.“

Svo fór að skipta þurfti um gólfefnin skömmu eftir að húsið var tekið í notkun árið 2003. Sigurður hafnaði því að koma að endurlagningunni.

Gólf vesturhússins fengu aldrei að jafna sig og þorna almennilega. Sigurður minnist þess að hafa eitt sinn borað upp í gólfið til að sýna rakann. „Þú gast farið í sturtu undir þessu. Það lak í tíu mínútur. En ennþá héldu þeir fram að þetta væri í lagi.“

Minnst var á lagningu parketsins á hráblaut gólf OR-hússins í skýrslu úttektarnefndar um OR árið 2012 í vitnisburði Ólafs Jónssonar, lögfræðings og fyrrverandi ritara stjórnar fyrirtækisins. Ekki hafi mátt fresta opnun hússins. „Þetta voru eins og fjallgarðar,“ sagði Ólafur sem kallaði húsið hönnunarslys.

Sigurður tekur undir það. Tillaga hans með teppið hefði kannski hjálpað gólfunum en síðan hafi komið í ljós að útveggirnir voru ónýtir.

„En ekki gleyma því að raki úr gólfunum leiðir út í þessa veggi. Í austurbyggingunni er bara venjulegt gólf, engin stálkápa undir og þar er allt í lagi. En hin gólfin eru helsjúk, vegna þess að þar er röng hönnun.“

Hjá OR fékkst staðfest bæði að Sigurði hafi verið veitt skaðleysi og að skipt hafi verið um parket fljótlega eftir að húsið var tekið í notkun á hluta hússins en annars staðar, þar sem það hafi verið farið að bólgna, hafi það verið fest niður í gólfplötuna. Byggingarstjórinn vilji þó meina að allt hafi verið með felldu með lagninguna.

**mikael@frettabladid.is**






# Varað við aukinni skjálftavirkni á Hellisheiði vegna framkvæmda

**NÁTTÚRA** Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, fulltrúa Orkustofnunar og fulltrúum sveitarfélaganna Ölfuss og Hveragerðis hefur verið sent erindi vegna aukinnar hættu á jarðskjálftavirkni samfara fyrirhugaðri niðurdælingu í borholur á virkjanasvæðinu á Hellisheiði.

Í matsskýrslu Íslenskra orkurannsókna er reiknað með að skjálftavirkni verði einhverju minni en í fyrri lotum, en þó megi reikna með að stöku skjálftar geti farið yfir 3 Mi að stærð og muni finnast í byggð. Óþægindi ættu þó ekki að vera teljandi og eignatjón mjög ólíklegt, segir í skýrslunni.

„Þetta er gert í fullu samráði við alla hlutaðeigandi,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sem fylgist vel með skjálftavirkninni.

Um er að ræða niðurdælingu í svokallaða HE 55 holu í Hverahlíð sem boruð var sem vinnsluhola en nýta á sem niðurdælingarholu. Samkvæmt niðurstöðu fyrrnefndrar matsskýrslu fylgir henni óveruleg hætta á finnanlegum jarðskjálftum í byggð.

Niðurdæling á Gráhnjúkasvæðinu veldur einnig óverulegri hættu á aukinni skjálftavirkni, en á Húsmúlasvæðinu er hins vegar talin hætta á að aukin losun vegna hækkaðs þrýstings kunni að leiða af sér aukna og finnanlega jarðskjálftavirkni. Hækkun á þrýstingi þar fer í gang á næstu dögum, segir Eiríkur Hjálmarsson, talsmaður Orku náttúrunnar.

Hengilssvæðið er eldvirkt og skjálftavirkni þekkt óháð framkvæmdum. Hins vegar varð aukinnar skjálftavirkni strax vart þegar niðurdæling við Húsmúla hófst í september 2011. Heildarfjöldi skjálfta á áhrifasvæði niðurdælingarinnar er tæplega 10.000 skjálftar frá upphafi mælinga árið 1995, en rúmlega 8.000 skjálftar hafa mælst frá því niðurdæling hófst við Húsmúla 2011. Þrátt fyrir að um virkt svæði sé að ræða er náttúruleg spennusöfnun ekki eins ör og hún var áður en niðurdæling hófst á svæðinu. Samkvæmt niðurstöðu matsskýrslunnar er ástæðan sú að niðurdæling sem veldur jarðskjálftavirkni leysir spennuna að einhverju leyti út jafnóðum. **– aá**


Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði.

**PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA**

Þú færð EXTRA búnað á nýjan RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september

**RENAULT**
Passion for life

# Nýr Renault CAPTUR

## Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki




## KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggaralegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fáanlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7l/100 km* í blönduðum akstri.

**RENAULT CAPTUR ZEN**
**Verð frá: 2.750.000 kr.**

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan Captur að verðmæti **200.000 kr.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM83857

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

**BL ehf** Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

B|L

# Aumingjaskapur að kynda undir deilum

**Fjárlagafrumvarp Benedikts Jóhannessonar gæti reynst prófsteinn á heilsu ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar. Frumvarpið gæti fengið á sig gagnrýni innan stjórnarliðsins ef marka má orð nokkurra þingmanna í umræðum um fjármálaáætlun í vor.**



Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

**ALÞINGI** Bjarni Benediktsson forsætisráðherra segir eins manns meirihluta á þingi ekki valda sér áhyggjum þegar kemur að fjárlagavinnu í haust. Hann telur aumingjaskap að ætla að gera ágreining um einstök atriði í forgangsröðun framkvæmda þegar svo vel árar í ríkisrekstrinum.

Alþingi verður sett á þriðjudaginn og eins og lög gera ráð fyrir mun fyrsta fjárlagfrumvarp þessarar ríkisstjórnar líta dagsins ljós í kjölfarið. Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir fjárlög hljóða upp á 1,6 prósenta afgang. Forystumenn stjórnarandstöðunnar á þingi telja það verða mjög erfitt fyrir sitjandi ríkisstjórn að ná frumvarpinu í gegn í sæmilegri sátt innan stjórnarliðsins.

**Áhyggjur af launahækkunum**

„Ég hef ekki miklar áhyggjur af því að vera með eins manns meirihluta," segir Bjarni. „Flokkarnir róa í sömu átt þó misjafnlega sé lagst á árarnar á stundum. Einnig verð ég að segja það vera aumingjaskap að ætla að stefna öllu í ósætti yfir einstökum liðum þegar svo vel árar sem nú."

Deilur á vinnumarkaði munu að mati stjórnar- og stjórnarandstöðu setja sterkan svip á þingveturinn fram undan. Í haust mun líklega verða tekist á um hvort samningar á almennum vinnumarkaði haldi.

„Ég hef áhyggjur af því að við gætum stefnt kaupmætti í hættu ef við hækkum laun umfram framleiðni. Ef það gerist þá taka lögmál hagfræðinnar við eins og við höfum svo oft áður séð í íslensku efnahagslífi," segir Bjarni.

Fjármálaráðherra segir stjórnarflokkana sammála um stóru myndina. Flokkarnir muni ná saman um fjárlagafrumvarpið. „Ég hef trú á að við náum saman um þær breytingar sem nauðsynlegar eru. Allir eru sammála um það markmið að varðveita gott efnahagsástand, litla verðbólgu og lítið atvinnuleysi



Forsætisráðherra óttast ekki eins manns meirihluta á þingi við fjárlagavinnu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Segir stjórnina veika**

Formaður Vinstri grænna segir ríkisstjórnina fljóta áfram þrátt fyrir að þreytan í samstarfinu sé öllum ljós. Ríkisstjórnin nái saman um hægrisinnaða fjármálaáætlun og rikisrekstur í heilbrigðisþjónustu en þar við sitji. „Við förum inn í veturinn í sérstöku árferði. Þegar stjórnin er svona veik og ágreiningur um ýmis stór mál virðist eina límið vera hreinræktuð hægristefna. Samnefnarinn er þessi hreina hægristefna þegar kemur að ríkisrekstri," segir Katrín Jakobsdóttir.

Sigurður Ingi Jóhannsson telur það geta verið erfitt fyrir stjórnarandstöðuna að gagnrýna ríkisstjórn sem viti ekki hvert hún stefni. „Við búum við stjórnarsáttmála sem ber með sér að lítið standi til hjá ríkisstjórninni. Því er erfitt að festa fingur á hvað við þurfum að gagnrýna í vetur; hvort það verður aðgerðaleysið eða að leyfa hlutum að þróast í átt að einkavæðingu án þess að gripið sé inn í," segir hann. „Fjárlögin munu reynast ríkisstjórninni erfið. Þar þurfa menn að ákveða virðisaukaskattinn á ferðaþjónustu og komugjöld farþega. Verði því slegið á frest vantar milljarða upp á tekjuöflun ríkissjóðs."

> **Mikilvægasta verkefnið í vetur verða líklega kjaramálin en þar er megináskorunin að viðhalda kaupmætti sem er mjög sterkur núna. Mikilvægt er að við klúðrum því ekki aftur af mannavöldum.**



Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra

> **Stór efnahagsmál verða fyrirferðarmikil. Stjórn yfir spítalann er í skoðun og hvernig henni verður komið á fót. Einnig reikna ég ekki með því að bankarnir verði seldir á þessu þingi.**



Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar

> **Stjórnarliðar munu takast á um einstaka þætti tekjuöflunar, það liggur fyrir, að öðru leyti koma þau til með að glíma áfram við innbyrðis átök.**



Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

> **Stöðugur krytur meðal stjórnarliða um ýmis mál mun gera þeim lífið leitt í vetur.**



Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

> **Á meðan þessi ríkisstjórn situr í eins manns meirihluta mun hún eiga í miklum erfiðleikum.**



Einar Brynjólfsson, formaður þingflokks Pírata





Char-Broil

25-40% AFSLÁTTUR

1.–15. SEPTEMBER

TILBOÐ Á GRILLUM

Char-Broil aukahlutir á 40% afslætti.

40%

CHAR-BROIL 220B
Grillflötur 416x435 mm
Tveir brennarar
35.940 KR.
VERÐ ÁÐUR 59.900 KR.

Netgíró
Betri leið til að borga

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is




SíminnPay er ný greiðslulausn sem gerir þér kleift að borga með símanum. Appið virkar hjá fjölda söluaðila um allt land og hentar vel fyrir þá sem vilja hafa allt á einum stað. Þú getur sótt appið bæði í App Store og Google Play og skráð öll íslensk debet- og kreditkort óháð banka og farsímakerfi.

Kynntu þér málið á **siminn.is/pay**

Opnaðu Pay appið

Veldu greiðslukort

Skannaðu kóðann

TVIST 10601

# Fimmta stigs fellibylur ógnar Ameríku

**Fjölmargar eyjar í Kyrrahafi hafa lýst yfir neyðarástandi vegna fellibylsins Irmu. Stormurinn stefnir á Flórída en þar sem stutt er liðið frá því að Harvey hrelldi Bandaríkin gætu neyðarsjóðir klárast. Stjórn orkuveitu Púertó Ríkó sér fram á margra mánaða rafmagnsleysi.**

**VEÐUR** Fellibylurinn Irma mun á næstu dögum ferðast yfir eða fram hjá meðal annars Púertó Ríkó, Hispanjólu, Kúbu, Bahama-eyjum og stefna á bandaríska ríkið Flórída. Irma mældist snemma í gær á þriðja stigi en var fljótt hækkuð upp í fjórða stig og þaðan í fimmta, sem er hæsta stig fellibylja. Mældist vindur bylsins um 78 metrar á sekúndu og er Irma talin ákaflega hættuleg.

Um þessar mundir eru Texas- og Louisiana-ríki Bandaríkjanna að jafna sig eftir að fellibylurinn Harvey gekk þar á land. Þegar Harvey skall á Houston-borg var hann fjórða stigs fellibylur og kostaði tugi fólks lífið og eyðilagði þúsundir heimila og hundruð þúsunda bíla.

Irma er eins og stendur öflugri en Harvey og svo gæti farið að hún gangi á land á fyrrnefndum eyjum sem og Flórída og valdi gríðarlegum skaða.

Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í Flórída og bandaríska fellibyljastofnunin NHC hefur gefið út fellibylsviðvaranir fyrir eyjarnar Antígva, Barbúda, Anguilla, Montserrat, St. Kitts, Nevis, Saba, St. Eustatius, Sint Maarten, Saint Martin, Saint Barthelemy, Bresku jómfrúaeyjar, Bandarísku jómfrúaeyjar, Púertó Ríkó, Vieques og Culebra.

NHC sagði þó í gær að enn væri óvíst hver áhrif Irmu verða á meginland Bandaríkjanna. Spár gera ráð fyrir því að eftir fjóra til fimm daga, þegar stormurinn verður kominn að ströndum Flórída, verði meðalvindhraði hans um 67 metrar á sekúndu.

Til samanburðar er mesta vindhviða sem hefur mælst á Íslandi 74,2 metrar á sekúndu en hún mældist við Gagnheiðarhnúk árið 1995. Mesti tíu mínútna meðalvindhraði mældist við Skálafell við Esju árið 1992, 62,5 metrar á sekúndu.

Þá hefur formleg viðvörun ekki verið gefin út á Guadeloupe og í Dóminíska lýðveldinu en viðbúnaðarstigið þar er hátt.

Neyðarástand ríkir á Púertó Ríkó en það er fyrsta eyjan sem gert er ráð fyrir að stormurinn ferðist yfir. Evan Myers, stjórnarformaður bandarísku veðurstofunnar AccuWeather, sagði í samtali við Guardian í gær að mögulegt væri að fellibylurinn myndi fara langt með að klára sjóði FEMA, Hamfarastofnunar Bandaríkjanna, þar sem svo stutt væri frá því að Harvey hrelldi Texas og Louisiana.

Ricardo Rosello, ríkisstjóri eyjunnar, sagði í yfirlýsingu í gær að þrátt fyrir efnahagsörðugleika væru fimmtán milljónir dala í neyðarsjóðum. Ríkisstjórn eyjunnar hefur nú fryst verð á nauðsynjavörum og Ricardo Ramos, forstjóri orkuveitu eyjunnar, sagði í gær að mögulega yrði stormurinn til þess að stór hluti borgara yrði án rafmagns mánuðum saman. thorgnyr@frettabladid.is

## Fimm stig fellibylja samkvæmt Saffir-Simpson skalanum

**Fyrsta stig**
- Vindhraði a.m.k. 33 m/s
- Nokkur skaði og rafmagnsleysi

**Annað stig**
- Vindhraði a.m.k. 43 m/s
- Þó nokkur skaði

**Þriðja stig**
- Vindhraði a.m.k. 50 m/s
- Mikill skaði á sterkbyggðum húsum

**Fjórða stig**
- Vindhraði a.m.k. 58 m/s
- Tré rifna upp með rótum og gríðarlegur skaði á sterkbyggðum húsum

**Fimmta stig**
- Vindhraði a.m.k. 70 m/s
- Fjöldi húsa eyðileggst og stofnbrautir eyðileggjast

## Líklegur ferill Irmu næstu daga




Grafið sýnir líklegt ferðalag miðpunkts Irmu næstu daga en talið er að fellibylurinn muni valda verulegu tjóni á norðurströndum til að mynda Púertó Ríkó, Dóminíska lýðveldisins, Haítí og Kúbu. **Heimild: NHC**

**CCG**

As a christian church known by many from our internet page ccg.org, we know there is conciderable interest for our litterature in Iceland. Because of this we would like to conduct a seminar for interested persons this autumn.

If anyone would like to meet with us, please contact us at secretary@ccg.org



Fjöldi öflugra og hagnýtra námskeiða í boði, jafnt fyrir þá sem þurfa að fá haldgóðan grunn eða lengra komna sem vilja öðlast dýpri þekkingu og færni.




# GERÐU ÞIG AÐ **VERÐMÆTARI STARFSMANNI**

– með námi hjá Promennt

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur sem vilja vera sem mest sjálfstæðir við bókhaldið.

Hefst **4. okt.** • Morgun- og kvöldhópur • **22 skipti**

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Sérlega hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi en vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Einnig kjörinn undirbúningur fyrir námið Viðurkenndur bókari. Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.

Hefst **19. sept.** • Morgun- og kvöldhópur • **24 skipti**

## AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

## FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Námið skiptist í sex hluta:
- **Bókhald – grunnur**
- **Bókaranám fyrir lengra komna**
- **Skattskil einstaklinga með rekstur**
- **Viðurkenndur bókari**

**Hefst 4. október • Lykur í desember 2018**

## UPPLIFUN NEMENDA

„Nám sem nýtist mér beint í starfi. Einstakt að geta tekið allt í fjarnámi án þess að þurfa sérstakan búnað til.
**Signý Björk Kristjánsdóttir, Bókaranám fyrir lengra komna.**

## STÖK NÁMSKEIÐ

Excel fyrir bókara • Excel frh. og Pivot greiningar
Excel grunnur • Skattskil einstaklinga með rekstur
Navision fjárhagsbókhald • Inngangur að reikningsskilum

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á **promennt.is**

PROMENNT

Með fyrirvara um prentvillur og ófyrirséðar verðbreytingar.

PIPAR\TBWA • SÍA • 172907

# Glatt á hjalla



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Bókmenntir eru mikilvægar. Þetta vita í raun allir sem eru ekki algjörir sokkar. Um þetta vitnar til að mynda fjöldi snjallra tilvitnana í fullt af mjög gáfuðu fólki vítt og breitt um veröldina. Bókmenntir eru okkur mikilvægar til þess að læra um allt milli himins og jarðar, þroskast sem einstaklingar og samfélög og verða jafnvel betri manneskjur. Þetta er nú hreint ekki svo lítið afrek fyrir þann hóp einstaklinga sem skrifar bækur, þýðir bækur og kemur þeim svo út til lesenda. Takk fyrir það.

Bókmenntir eru líka heimili tungumálsins. Það er ekki síst í bókmenntunum sem tungumálið þróast og þroskast og ferðast frá kynslóð til kynslóðar og um heiminn vítt og breitt í meðförum snjallra þýðenda. Það er því hætt við að illa fari fyrir örtungumálinu íslensku ef við hættum að skrifa bókmenntir. Án íslenskra bókmennta er engin íslenska. Það er nú verkurinn.

Bókmenntir eru sem sagt mikilvægar bæði mannfólkinu og tungumálinu sem það talar. Bókmenntahátíðin í Reykjavík á sinn þátt í að leggja rækt við mikilvægi. Þar gefst bæði höfundum og lesendum frábært tækifæri til þess að kynnast bókmenntum, höfundum og hugmyndum um bókmenntir alls staðar að úr heiminum og auðvitað stækkar það litla Ísland. Það hjálpar höfundum að skrifa betri bækur og lesendur verða betri og jafnvel kröfuharðari lesendur. Bókmenntahátíðin í Reykjavík er frábær, þó svo Guðbergur Bergsson hafi haldið öðru fram fyrir þrjátíu árum, því hátíðin á sinn þátt í að stækka heim íslenskra bókmennta.

Ekki veitir af því bóksala fer þverrandi og bókmenntirnar þurfa stuðning hvort sem okkur líkar betur eða verr. Ekki aðeins íslenskunnar vegna heldur alls þess sem góðar bækur geta gert fyrir okkur. Þess vegna er til að mynda hreint út sagt bæði skammsýnt og kjánalegt að leggja virðisaukaskatt á bækur. Að leggja kostnaðarauka á þá sem vilja eignast góðar bækur er álíka gáfulegt og að leggja aukaskatt á matvæli sem eru holl og nærandi. Það er hreint út sagt pínlegt fyrir íslenskt bókmenntafólk að þurfa að segja kollegum sínum utan úr heimi frá þessu fyrirkomulagi. En vonandi koma ráðamenn á Bókmenntahátíð og útskýra þessa snilld fyrir öllum.

> **Að leggja kostnaðarauka á þá sem vilja eignast góðar bækur er álíka gáfulegt og að leggja aukaskatt á matvæli sem eru holl og nærandi.**

Líkast til gerist það þó ekki því í íslenskri pólitík er margt á sömu bókina lært. Þegar að er gáð kemur nefnilega í ljós að það er hvorki til, né reklin, alvöru menningarstefna á Íslandi. Kannski svona tyllidagastefna í besta falli, sem er synd vegna þess að bókmenntir eru mikilvægar hverri þjóð. Listamannalaun eru ágætis stoðkerfi, m.a. við bókmenntir, en þau ein og sér geta ekki talist heildræn stefna. Heildræn stefna í málefnum bókmenntanna þyrfti hins vegar að ná utan um starfsaðstæður rithöfunda, skálda og þýðenda að ógleymdum útgefendum, bóksölum, bókasöfnum, skólum og heimilum. Til þess að finna frekari útfærslur er íslenskum stjórnmálamönnum hér með bent á Norðurlöndin þar sem slíkar stefnur eru virkar og eftir þeim unnið. Stjórnmálamanninum sem tekst þetta verður svo eflaust boðið á Bókmenntahátíð í Reykjavík. og þá verður nú aldeilis glatt á hjalla.

V.L.F. HLÍF
Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör fulltrúa Verkalýðsfélagsins Hlífar á þing Starfsgreinasambands Íslands, sem haldinn verður á Hótel Selfoss dagana 11-12. október 2017.

**Tillögum með nöfnum 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 15:00, föstudaginn 15. september n.k.**

Meðmæli minnst 60 félagsmanna þurfa að fylgja tillögunni.

***Kjörstjórn Hlífar***

## Halldór




## Frá degi til dags

**Bót í máli**

**Gengisstyrking krónunnar hefur orðið til þess að sífellt fleiri atvinnurekendur kvarta yfir erfiðari rekstri. Fulltrúar kvikmyndageirans eru þar engin undantekning. Þannig kvörtuðu forsvarsmenn TrueNorth og Pegasus sáran við Morgunblaðið í gær yfir erfiðari rekstrarskilyrðum og minni áhuga erlendra kvikmyndagerðarmanna á að koma hingað. Sama dag sagði Vísir fréttir af því að Aaron Paul, stjarnan úr Breaking Bad þáttunum, væri staddur hér á landi í skemmtiferð. Og það er sjálfsagt bót í máli þegar framleiðendur í Hollywood sjá færri tækifæri hér en áður að stjörnurnar komi og veki athygli á landi og þjóð.**

**Komin hringinn**

**Ólafía Rafnsdóttir vakti fyrst athygli sem starfsmannastjóri 365 miðla og tók sem slík þátt í kjarasamningagerð fyrir hönd fyrirtækis síns. Síðar var hún kjörin formaður VR og varaforseti ASÍ þar sem hún gætti hagsmuna launþega í kjarabaráttu við atvinnurekendur. Síðan fór hún til starfa sem aðstoðarmaður Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra. Það má segja að nú sé Ólafía komin heilhring þegar kemur að kjaraviðræðum því nú hefur hún tekið sæti í samninganefnd ríkisins og mun sem slík væntanlega taka þátt í kjaraviðræðum við fulltrúa starfsmanna ríkisins.** jonhakon@frettabladid.is

# Nóg komið af subbuskap



Áslaug Friðriksdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Sumarið er tíminn þar sem svo áþreifanlegt er hvað borginni er lítið og illa sinnt. Viðhald og hreinsun í borgarlandinu er einfaldlega til skammar. Því er auðskilið af hverju óánægju gætir meðal íbúa. Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur sinna þessu sjálfsagða verkefni af alúð. Munurinn er stingandi.

Oft er fjallað um ímynd borga, eða jafnvel ímynd lands og þjóðar. Ímynd Íslands hefur til dæmis stundum verið talin vera „hrein og ósnert náttúra“. Talsvert er lagt í að vinna að alls kyns fagurri framtíðarsýn innan borgarkerfisins. Til dæmis fjallar framtíðarsýn ferðamálastefnu borgarinnar um að borgin verði eftirsóttur ferðamannastaður allt árið um kring. Það er þekkt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru. Einnig að unnið skuli að því að sérstaða Reykjavíkur tengist nýtingu hreinnar orku, heits vatns og fyrsta flokks aðstöðu. Þetta er hins vegar ekki tilfinningin sem fólk fær þegar ferðast er um borgina.

Borg sem vel er viðhaldið er mun líklegri til þess að ná slíkum markmiðum heldur en borg þar sem heilu svæðin fá að drabbast niður, hreinsun gatna og grasslætti er illa sinnt, illgresi tekur yfir og margt virðist í niðurníðslu. Nauðsynlegt er að leggja vinnu í að hreinsa götur og torg eftir annasamar nætur og forða árrisulu fólki frá því að þurfa að stikla yfir vafasamar leifar næturgestanna. Er þetta ekki bara alveg augljóst?

> **Betra hefði verið að setja á fót enn frekari vinnu til að komast að því hvernig mætti bæta þá neikvæðu ímynd sem borgarbúar hafa af borginni.**

Viðhorfskannanir hafa sýnt að borgarbúar eru ekki ánægðir með borgina miðað við íbúa annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í stað þess þó að nýta sér þær niðurstöður ákvað meirihlutinn í Reykjavík að hætta þátttöku í samanburðarkönnuninni. Betra hefði verið að setja á fót enn frekari vinnu til að komast að því hvernig mætti bæta þá neikvæðu ímynd sem borgarbúar hafa af borginni. Ein góð leið væri örugglega að ganga til verks við hreinsun og viðhald þannig að borgarbúar sjái og finni að vel er hugsað um eigur þeirra og geti verið stoltir af borg sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sagan af Hape Kerkeling



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Hape Kerkeling fæddist 1964, og varð hann strax á unga aldri vinsæll og þekktur sjónvarpsmaður í Þýskalandi. Annars vegar mikill grínisti og háðfugl og hins vegar frábær spyrjandi og fréttamaður. Nokkurs konar blanda af Ladda og Ómari Ragnarssyni.

**Námskeið í dáleiðslu – upprifjun fyrra lífs**
Einhverju sinni voru Hape og vinahópur hans að gantast með lífið og tilveruna, m.a. voru menn að leika sér með spurninguna um lífið og dauðann, endurfæðingu og nýtt líf, og skoruðu á Hape að fara á námskeið um dáleiðslu, þar sem menn gætu í dásvefni rifjað upp og sett sig inn í sitt fyrra líf.

Allt var þetta meira í gamni en alvöru, þótti spennandi uppátæki, og tók Hape áskoruninni.

Hape var fertugur, þegar þetta gerðist, hafði þá verið 20 ár í skemmtibransanum, og var einn vinsælasti sjónvarpsmaður landsins.

Eins og til stóð var Hape dáleiddur og opnuðust honum þannig dyr inn í fyrri tilveru. Það rifjaðist upp fyrir honum, að hann hefði verið munkur í Fransiskanaklaustri í Póllandi í seinni heimsstyrjöldinni, hefði þar tekið þátt í að leyna gyðingafjölskyldu í kjallara klaustursins og verið dæmdur til dauða og tekinn af lífi fyrir þetta „brot“, ásamt ábóta klaustursins og öðrum munkum.

Upplifði Hape þetta svo sterkt og áhrifaríkt í dáleiðslusvefninum, að hann fór til Póllands til að kanna málið og telur sig hafa fundið klaustrið og fengið söguna staðfesta.

**Á bak við allt, sem þróast, hreyfist, dafnar, leitar birtu og yls, neytir vatns, reynir að verja líf sitt, býr andi eða sál, og ber mönnum að virða, vernda og hlúa að öllu þessu lífi.**

**Gjörbreyttur maður – pílagrímsganga á Spáni**
Þessi nýja lífsreynsla hafði svo djúptæk áhrif á Hape, að menn þekktu hann varla fyrir sama mann. Hape ákvað, að hefja nýtt líf, dró sig að mestu út úr skemmtibransanum og ákvað að ganga Jakobsstíginn, sem er um 800 km göngustígur þvert yfir Norður-Spán – ein helsta pílagrímaleiðin í Evrópu – til að reyna að ná áttum.

Árið 2006 kom út bók eftir Hape, þar sem hann fjallaði um þessa lífsreynslu sína og Jakobsvegsgönguna. Heitir hún á þýsku „Ich bin dann mal weg“: „Ég læt mig þá bara hverfa“, og bókin varð metsölubók.

Lýsir Hape þar lífsreynslu sinni, dásvefnsdrauminum um fyrra líf, þeim áhrifum, sem hann hafði á líf hans svo og þeirri upplifun, sem pílagrímsgangan var honum.

Í maí 2006 birti Bild, sem er útbreiddasta dagblað Evrópu, úrdrátt úr bók Hape, og beindi jafnframt þeirri spurningu til lesenda, hvort þeir hefðu orðið fyrir reynslu, sem sýndi fram á fyrra líf, eða upplifað slíkt í einhverri mynd.

**Hundruð manna höfðu samband**
Hundruð manna úr öllum stéttum og alls staðar að höfðu samband við Bild, og sögðust vita, að þeir hefðu verið til áður, hvar og hvenær og í hvers konar lífsformi.

65 ára slátrari sagðist hafa verið Masai-maður í Keníu og hefði hann farið þangað 50 sinnum til að upplifa og njóta fyrra umhverfis. 65 ára tryggingasali sagðist hafa verið dráttarklár, sem dró fellda trjástofna í járnkeðjum. 61 árs fasteignasali sagðist hafa verið indíánastúlka í Norður-Ameríku um 835 fyrir Krist. Veronica Ferres, ein frægasta og virtasta leikkona Þýskalands, taldi sig hafa verið höfrung í fyrra lífi og sjálfur Frans Beckenbauer, knattspyrnusnillingurinn kunni, sagðist vita, að hann hefði lifað áður, bæði sem dýr, tré og planta.

**Hví er þessi saga sögð?**
Lífið hér á jörðu er ótrúlega fjölbreytt, margþætt og margslungið, og er ekki allt augljóst eða auðskilið.

Á bak við allt, sem þróast, hreyfist, dafnar, leitar birtu og yls, neytir vatns, reynir að verja líf sitt, býr andi eða sál, og ber mönnum að virða, vernda og hlúa að öllu þessu lífi.

Orð þjóðskáldsins „aðgát skal höfð í nærveru sálar“ verður að skilja og túlka vítt; um allt og gagnvart öllu, sem lifir og hrærist, í hvaða formi, sem er.

Margverðlaunuð skáldsaga úr framandi heimi

Töfrum slungin fjölskyldusaga frá Indónesíu, full af húmor og ólýsanlegri grimmd




„Um þessa fágætlega vel skrifuðu skáldsögu á ég bara eitt orð: Hrífandi.“
*Sjón*

„Bókmenntalegt afsprengi Günthers Grass, Gabriels García Márquez og Salmans Rushdie.“
*New York Review of Books*

„Áhrifamikil, afar vel heppnuð bók.“
*The New York Times*



HÖFUNDUR ER GESTUR Á BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK 6.–9. SEPTEMBER

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.



Íslensku strákarnir fagna. Ísland vann 2-0 sigur á Úkraínu og jafnaði þar með Króatíu að stigum á toppi I-riðils í undankeppni HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Draumurinn um Rússland lifir

**Stórkostlegur seinni hálfleikur hjá íslenska landsliðinu á Laugardalsvelli í gær varð til þess að Ísland vann magnaðan 2-0 sigur á Úkraínu. Strákarnir eru því komnir í bullandi baráttu á nýjan leik um sæti á HM.**

**FÓTBOLTI** Eftir vonbrigðin í Finnlandi var gjörsamlega allt undir hjá strákunum okkar á Laugardalsvelli í gær. Þeir hafa margoft sýnt að þeir láta vonbrigði ekki á sig fá og missa sig ekki heldur í velgengni. Í gær náði liðið enn og aftur að sýna sínar bestu hliðar þegar mikið var undir.

Heimir gerði tvær breytingar á liði sínu frá því í Finnlandi. Sverrir Ingi kom í vörnina í stað Kára Árnasonar og Jón Daði fór í framlínuna í stað Alfreðs.

Leikurinn fór ekki vel af stað fyrir Ísland því Emil Hallfreðsson krækti sér í kjánalegt gult spjald eftir um 90 sekúndur. Ömurlegt fyrir miðjumann að nánast byrja leikinn með gult á bakinu.

Úkraínumenn mættu gríðarlega grimmir til leiks. Þeir settu strax mikla pressu á manninn með boltann hjá íslenska liðinu og strákunum gekk ekki vel að leysa úr þeirri stöðu. Þeir voru oftar en ekki fljótir að missa boltann. Þar af leiðandi var íslenska liðið lengstum að elta boltann. Birkir fékk þó fínt færi á 9. mínútu en hann hitti boltann illa.

Á móti kom að vörn íslenska liðsins hélt vel en það gekk þó oft illa að halda aftur af Konoplyanka á vinstri kantinum og hann komst tvisvar í fínt skotfæri. Sem betur fer nýtti hann þau ekki. Gylfi fékk tvö skotfæri á 22. mínútu en bæði skotin hans fóru í varnarmann. Það með er upptalið það sem gerðist í fyrri hálfleik. Það var lítið að frétta.

Mikil skák og hvorugt liðið að taka of mikla áhættu. Maður hefur oft séð meiri orku í leik íslenska liðsins og Heimir hefur örugglega kallað eftir henni í leikhléi.

Ef hann gerði það þá svöruðu strákarnir svo sannarlega kallinu því síðari hálfleikurinn var einn sá besti sem íslenska landsliðið hefur sýnt. Strákarnir voru í einu orði sagt stórkostlegir.

Það var rétt rúm mínúta liðin af síðari hálfleik er það dró til tíðinda. Emil með fínan sprett upp vinstri kantinn, átti flotta sendingu fyrir þar sem Jóhann Berg lenti í samstuði við markvörð Úkraínu. Ekkert dæmt og boltinn féll fyrir fætur Gylfa Þórs sem gat ekki annað en skorað. Úkraínumenn brjálaðir og hugsanlega hefði mátt dæma. Okkur Íslendingum gat ekki staðið meira á sama.

Á 66. mínútu átti íslenska liðið frábæra skyndisókn. Boltinn út til hægri á Jóhann Berg. Hann sendi fyrir þar sem Jón Daði stöðvaði boltann fyrir Gylfa Þór sem setti boltann í netið með viðkomu í markverðinum. Skotið of fast fyrir Pyatov í markinu. Geggjað mark. Íslenska liðið hefði vel getað bætt við fleiri mörkum. Strákarnir léku við hvurn sinn fingur og geisluðu af orku og sjálfstrausti. Úkraínska liðið náði aðeins að ógna undir lokin en annars var íslenska vörnin með allt á hreinu. Þeir pökkuðu gestunum saman.

Er strákarnir setja kassann út og orkuna á fullt þá eru liðinu allir vegir færir. Það var ótrúlegt að sjá liðið stíga svona upp. Margir vildu Emil Hallfreðsson af velli í hálfleik enda með gult spjald á bakinu og ekki sannfærandi. Hann svaraði því með líklega bestu 45 mínútum landsliðsferilsins. Magnaður viðsnúningur.

Aron Einar var yfirburðamaður í fyrri hálfleik og lék vel allan leikinn. Gylfi Þór hljóp líklega tvö maraþon í bland við mörkin tvö. Mikilvægi hans í liðinu er svo mikið og aðdáunarvert að fylgjast með vinnslunni og fórnfýsinni. Duglegasti lúxusleikmaður sem hægt er að eiga.

Heimir þjálfari stendur enn eina ferðina uppi sem sigurvegari. Var gagnrýndur fyrir leikkerfið í Finnlandi og mörgum leist ekki á blikuna er hann hélt sig við það í gær. Flestar ákvarðanir hans ganga upp á endanum. Hann hlustar á sjálfan sig en ekki einhverja utanaðkomandi. Sem betur fer.

Úrslit annarra leikja í gær gera það að verkum að Ísland er jafnt Króatíu á toppnum og Tyrkland er komið í pakkann af fullum krafti. Það getur margt gerst í síðustu leikjunum og miðað við þessa frammistöðu eru okkar menn líklegir til afreka. henry@frettabladid.is

» Gylfi Þór Sigurðsson hefur nú skorað 17 mörk fyrir íslenska landsliðið, jafn mörg og Ríkharður Jónsson gerði á sínum tíma.

» Emil Hallfreðsson fékk gult spjald snemma leiks. Hann verður í banni í leiknum gegn Tyrkjum ytra 6. október.

## Hörður eftir leik



„Ef við kæmumst á HM yrði það mesta afrek í íslenskri knattspyrnusögu. Það myndi ekki bara skipta miklu máli fjárhagslega heldur sálfræðilega að hafa komist í lokakeppni HM. Það væri gríðarlega stórt og mikið afrek,“ sagði landsliðsþjálfarinn Heimir Hallgrímsson eftir sigurinn á Úkraínu.

„Ég hef sagt frá fyrsta blaðamannafundi að þessi riðill muni ráðast í lokaleik á lokamínútum. Ein mistök, eitt smáatriði mun ráða því hvaða lið fer á HM úr

## Emil eftir leik



„Þetta er besta tilfinning í heimi. Svona kvöld og svona frammistaða hjá liðinu. Þetta er bara frábært. Mér fannst við vera að gera þetta nokkuð vel í fyrri hálfleik, en við þurftum að herða aðeins á spilinu og að þetta myndi verða þolinmæðisvinna,“ sagði Emil Hallfreðsson eftir sigurinn á Úkraínu.

„Við settum mark í byrjun seinni og mér fannst við vera með góð tök á þeim í síðari hálfleik. Mín tilfinning var að við ætluðum bara að halda áfram

**ÍSL 2 – 0 ÚKR**

**1-0** Gylfi Þór Sigurðsson (47.), **2-0** Gylfi (66.).

**Frammistaða Íslands (4-5-1)**

| | |
|---|---|
| Hannes Þór Halldórsson | 8 |
| Birkir Már Sævarsson | 8 |
| Sverrir Ingi Ingason | 8 |
| Ragnar Sigurðsson | 9 |
| Hörður Björgvin Magnússon | 8 |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 7 |
| Aron Einar Gunnarsson | 9 |
| Emil Hallfreðsson | 8 |
| (89. Ólafur Ingi Skúlason | -) |
| Birkir Bjarnason | 7 |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 10 |
| (90+2. Alfreð Finnbogason | -) |
| Jón Daði Böðvarsson | 8 |
| (67. Björn Bergmann Sigurðars. | 6) |

**Maður leiksins**



Stórkostlegur leikur hjá okkar besta leikmanni. Skoraði bæði mörk Íslands, var síógnandi og vann ótrúlega mikla varnarvinnu. Leikur upp á tíu.

**Úrslit og staða í riðli Íslands**

| | |
|---|---|
| **Tyrkland - Króatía** | **1-0** |
| **Kósovó - Finnland** | **0-1** |

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| Króatía | 16 | Úkraína | 14 |
| Ísland | 16 | Finnland | 7 |
| Tyrkland | 14 | Kósovó | 1 |

**visir.is** Meiri umfjöllun og viðtöl má finna á íþróttavef Vísis.

**Undankeppni HM 2018**

**D-riðill**

| | |
|---|---|
| **Írland - Serbía** | **0-1** |
| **Móldóva - Wales** | **0-2** |
| **Austurríki - Georgía** | **1-1** |

**Staðan:** Serbía 18, Wales 14, Írland 13, Austurríki 9, Georgía 5, Moldóva 2.

**G-riðill**

| | |
|---|---|
| **Lichtenstein - Spánn** | **0-8** |
| **Ítalía - Ísrael** | **1-0** |
| **Makedónía - Albanía** | **1-1** |

**Staðan:** Spánn 22, Ítalía 19, Albanía 13, Ísrael 9, Makedónía 7, Lichtenstein 0.

MEISTARALEIKURINN Í KVÖLD

Í Framhúsinu í kvöld mætast Fram og Stjarnan í Meistarakeppni kvenna í handbolta. Fram varð Íslandsmeistari á síðasta tímabili og bætti tveimur landsliðskonum í hópinn í sumar; Karen Knútsdóttur og Þóreyju Rósu Stefánsdóttur. Stjarnan varð hins vegar bikarmeistari annað árið í röð í fyrra. Garðbæingar misstu sína bestu skyttu, Helenu Rut Örvarsdóttur, í atvinnumennsku en fengu Ramune Pekarskyte í staðinn. Leikur Fram og Stjörnunnar hefst klukkan 19.30 og verður sýndur í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



## Í dag

| | |
|---|---|
| **19.20 Fram - Stjarnan** | Sport |

**Pepsi-deild kvenna:**
**17.30 KR - Fylkir**
**17.30 FH - Grindavík**
**19.15 Valur - Haukar**




# SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ

**3.390.000** KR.

FORD FOCUS FRÁ **2.890.000** KR.

## ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8" snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17" Rock Metalic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Leikurinn í kvöld verður sá langskemmtilegasti

**Íslenska körfuboltalandsliðið tapaði með 27 stigum á móti Slóveníu í Helsinki í gær og á nú bara eftir einn leik á EM. Fyrirliðinn Hlynur Bæringsson lofar fjöri og stemningu í lokaleiknum á móti heimamönnum í kvöld.**

Skrifar frá Helsinki

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is


Hlynur Bæringsson átti sinn besta leik á EM gegn Slóveníu í gær. Fyrirliðinn skoraði 14 stig. NORDICPHOTOS/GETTY

**KÖRFUBOLTI** Íslenska liðið átti einn sinn besta leikhluta og sinn besta endakafla á leik í Evrópumótinu í gær en baráttan er ennþá mjög ójöfn. Ísland vann fyrsta leikhlutann á móti ósigruðu liði Slóvena en eins og í hinum leiknum áttu mótherjarnir alltaf til nóg af aukagírum þegar leið á leikinn.

Góð innkoma ungra stráka af bekknum hjálpaði til við að laga stöðuna í lokin og koma muninum niður í 27 stig en í leikjunum á undan jókst munurinn alltaf út leikinn.

„Við höfum engu að tapa. Við erum að spila hver fyrir annan og við erum að spila fyrir fólkið sem er komið hingað. Við reynum allt sem við getum til þess að það geti átt skemmtilega daga í Helsinki. Ekki gátum við samt fært þeim sigur í dag en við urðum að reyna að sýna eins góðan bolta og við gátum,“ sagði Hlynur eftir leikinn.

„Fyrsti leikhlutinn var mjög góður og við getum þetta alveg. Við erum bara ekki alveg með nægt gæði til þess að geta þetta í 40 mínútur. Vonandi er þetta bil að minnka og þó þetta séu verri úrslit en voru í Berlín þá er þetta ekki bara eitthvert svartnætti,“ sagði Hlynur og hann vildi hrósa ungu strákunum í liðinu sem margir gerðu góða hluti á móti slóvensku stjörnunum í gær.

### Einn besti skóli sem hægt er að fá

„Tryggvi og Elvar voru mjög góðir og það var jákvætt á móti Frökkunum að Kristófer kom inn og spilaði frábærlega og með mikla orku. Hann kemur með nýja dýnamík. Tryggvi er að fá einn besta skóla sem hægt er að fá í þessum leikjum. Martin og Haukur eru vonandi að fara að spila á þessu stigi um ókomin ár,“ sagði Hlynur.

„Það er margt gott að gerast og þessir strákar eiga eftir að taka þetta með sér í ferilinn. Þetta er mjög mikilvægt. Ég var ekki að spila á þessu getustigi 23 ára. Ég fékk aldrei að kynnast þessu og var alltaf að harka á móti Lúxemborg og svoleiðis löndum á þessum aldri,“ sagði Hlynur sem er orðinn 35 ára gamall.

Íslenska liðið hefur ekki náð að standa í mótherjum sínum eins og það gerði á EM í Berlín fyrir tveimur árum. Uppskeran er í raun sú hin sama eða tap í hverjum leik en töpin eru miklu stærri og góðu kaflarnir styttri og færri.

### Berlín kemur ekki aftur

„Það er erfiðara því að við náum ekki alveg sama mómentinu. Ég veit ekki af hverju það er. Þetta byrjaði strax í fyrsta leik á móti Þýskalandi síðast og þar er eitthvað sem hefur verið aðeins öðruvísi. Það er ekkert slæmt innan liðsins heldur voru kannski öðruvísi væntingar og umræða fyrir mótið,“ sagði Hlynur og bætti við:

„Núna var aðeins meira talað um að vinna leik og okkur langaði líka að taka næsta skref. Sama rósin sprettur aldrei aftur þótt önnur fegri skreyti veginn þinn. Það er bara þannig. Berlín kemur ekki aftur,“ sagði Hlynur.

Hann vill ekki að neinn leikmaður liðsins hiki neitt í síðasta leiknum. „Það er eins gott að láta bara vaða og ég vona að það geri sem flestir í síðasta leiknum. Við verðum bara að láta allt flakka,“ sagði Hlynur.

Fram undan er lokaleikur liðsins á mótinu sem er á móti Finnum í kvöld.

„Það verður geggjuð stemning og þetta verður langskemmtilegasti leikurinn. Ég skal alveg lofa því. Ég vona að allir okkar leikmenn, og við sem lið, njótum dagsins og spilum ógeðslega góðan bolta. Þá getum við gert ýmislegt,“ sagði Hlynur að lokum.

## Tölfræði leiksins

75 Ísland — 102 Slóvenía

| Ísland | | Slóvenía |
|---|---|---|
| Fráköst | 33 - 43 | Fráköst |
| Stoðsendingar | 18 - 27 | Stoðsendingar |
| Skotnýting | 43% - 52% | Skotnýting |
| 3 stiga skot | 7/23 - 13/30 | 3 stiga skot |
| Vítanýting | 83% - 87% | Vítanýting |
| Tapaðir boltar | 18 - 14 | Tapaðir boltar |

## Maður leiksins



**Martin Hermannsson** var besti leikmaður Íslands í leiknum í gær. Hann skoraði 18 stig, tók fimm fráköst, gaf fjórar stoðsendingar og stal boltanum fimm sinnum. Martin hitti úr sjö af 11 skotum sínum utan af velli.

## EM í körfubolta



Þegar ein umferð er eftir af riðlakeppninni á EM í körfubolta eru aðeins tvö lið ósigruð; Spánn og Slóvenía sem vann Ísland í gær. Eftir auðveldan sigur á Rúmenum í fyrradag þurftu Spánverjar að hafa mikið fyrir hlutunum gegn Króötum í gær. Króatíska liðið var ósigrað fyrir leikinn og veitti því spænska harða keppni. Það dugði þó ekki til. Ricky Rubio var atkvæðamestur hjá Spáni en leikstjórnandinn knái skoraði 13, gaf fjórar stoðsendingar og stal boltanum fjórum sinnum. Spánn, Króatía og Svartfjallaland eru öll komin áfram í C-riðli en keppnin um 4. sætið er afar hörð.

## Úrslit

### A-riðill

| | |
|---|---|
| Ísland - Slóvenía | 75-102 |

**Stig Íslands:** Martin Hermannsson 18/5 fráköst/4 stoðsendingar/5 stolnir, Haukur Helgi Pálsson 14, Hlynur Bæringsson 14, Elvar Már Friðriksson 9, Tryggvi Snær Hlinason 8, Jón Arnór Stefánsson 6, Kristófer Acox 4, Ægir Þór Steinarsson 2.

| | |
|---|---|
| Pólland - Frakkland | 75-78 |
| Grikkland - Finnland | 77-89 |

**Staðan:** Slóvenía 8, Frakkland 7, Finnland 7, Pólland 5, Grikkland 5, Ísland 4.

### B-riðill

| | |
|---|---|
| Úkraína - Litháen | 62-94 |
| Ítalía - Þýskaland | 55-61 |
| Ísrael - Georgía | 91-104 |

**Staðan:** Litháen 7, Þýskaland 7, Ítalía 6, Georgía 6, Ísrael 5, Úkraína 5.

### C-riðill

| | |
|---|---|
| Tékkl. - Svartfj.land | 75-88 |
| Króatía - Spánn | 73-79 |
| Rúmenía - Ungverjal. | 71-80 |

**Staðan:** Spánn 8. Króatía 7, Svartfjallaland 6, Ungverjaland 6, Tékkland 5, Rúmenía 4.

### D-riðill

| | |
|---|---|
| Rússland - Lettland | 69-84 |
| Bretland - Serbía | 68-82 |
| Tyrkland - Belgía | 78-65 |

**Staðan:** Lettland 7, Serbía 7, Rússland 7, Tyrkland 6, Belgía 5, Bretland 4.

Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2
VIÐ ERUM AÐ TALA UM ÞIG
Við framleiðum íslenskt efni fyrir þig. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI
365.is 365

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. september 2017 | 32. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Stóru stofurnar leita að næstu gullgæs

Samanlagður hagnaður sjö af stærstu lögmannsstofum landsins dróst saman um þriðjung í fyrra. Breytt umhverfi nú þegar erlendu kröfuhafarnir eru farnir og það sér fyrir endann á hrunmálunum.

» 6-7



» 2

## N1 og Festi karpa um kaupverðið

Sölusamdráttur hjá Krónunni er ástæða þess að stjórnendur N1 fara nú fram á að borga lægra verð en 38 milljarða fyrir allt hlutafé Festar. Gert ráð fyrir um tíu prósent lægri EBITDA.

» 4

## Vilja svör um afskriftir fyrir útboð Arion

Niðurstaða um afskriftir af 8 milljarða lánum Arion til United Silicon þarf að liggja fyrir áður en farið er í útboð. Lánið er um 3,6 prósent af eigin fé bankans.

» 10

## Hringskýring Seðlabankans

„Nú þegar höftum hefur verið aflétt koma afleiðingar innflæðishaftanna æ skýrar í ljós þegar fjármagn streymir út úr hagkerfinu á sama tíma og innflæði að utan er nær frosið,“ segir Agnar Möller, framkvæmdastjóri hjá GAMMA.





Vallahverfið hefur byggst hratt upp á undanförnum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leigufélag með 180 íbúðir sett í formlegt söluferli

Eigendur leigufélagsins Vellir 15 ehf., sem á um 180 íbúðir víða á höfuðborgarsvæðinu, hafa sett félagið í formlegt söluferli. Til stendur að selja allt hlutafé í félaginu, en það er að stærstum hluta í eigu Íslandshótela, stærstu hótelkeðju landsins, og ÓDT ráðgjafa, sem er í eigu stærstu hluthafa hótelkeðjunnar.

Það er fyrirtækjaráðgjöf verðbréfafyrirtækisins Virðingar sem hefur umsjón með söluferlinu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Leigufélagið á um 180 íbúðir, en um 70 prósent þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu, einkum í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Hverfið hefur byggst hratt upp að undanförnu og búa þar um 4.300 manns. Er stærsti hluti íbúanna fjölskyldufólk á aldrinum 21-40 ára.

Fram kom í umfjöllun hagfræðideildar Landsbankans fyrr á árinu að fasteignaverð hafi hækkað hratt í hverfinu, samhliða aukinni uppbyggingu, en hækkunin nam til dæmis liðlega sautján prósentum árið 2015. Sé litið til áranna 2014 til 2016 hækkaði fasteignaverðið á Völlunum um hátt í þrjátíu prósent.

14,4 milljóna tap varð af rekstri Valla 15 árið 2015 og jókst tapið um rúmar tíu milljónir á milli ára. Eigið fé félagsins var 718,5 milljónir í lok árs 2015 og var eiginfjárhlutfallið um 31 prósent. Átti félagið þá fasteignir sem voru bókfærðar á 2,3 milljarða króna í ársreikningi þess.

Félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta ár. **– kij**

## Hagnaður BL jókst um 55 prósent

Bílaumboðið BL hagnaðist um 1,5 milljarða króna í fyrra, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi félagsins. Jókst hagnaðurinn um tæplega 55 prósent á milli ára en hann nam um 950 milljónum árið 2015.

Rekstrartekjur bílaumboðsins námu 23,4 milljörðum í fyrra, samanborið við 17 milljarða árið 2015. Þá jukust rekstrargjöldin um 5,6 milljarða króna á milli ára og námu 21,6 milljörðum króna í fyrra.

Eigið fé BL var 2.906 milljónir króna í lok síðasta árs og eiginfjárhlutfallið 53,9 prósent. 183 starfsmenn störfuðu að meðaltali hjá félaginu í fyrra borið saman við 159 árið 2015. Leggur stjórn félagsins til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á þessu ári. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is




# N1 fer fram á að greiða lægra verð fyrir Festi

**Sölusamdráttur hjá Krónunni ástæða þess að stjórnendur N1 fara nú fram á að borga lægra verð en 38 milljarða fyrir allt hlutafé Festar. Gert ráð fyrir tíu prósent lægri EBITDA á árinu. Rekstur Elko gengur hins vegar betur en vonir stóðu til.**

Olíufélagið N1 fer fram á að greiða lægra verð en tæplega 38 milljarða króna fyrir allt hlutafé Festar, næst stærsta smásölufélags landsins sem rekur meðal annars sautján verslanir undir merkjum Krónunnar, eins og gert var ráð fyrir í kaupsamkomulagi sem var undirritað í júní. Þar vegur þyngst að afkoma Krónunnar á undanförnum mánuðum hefur verið nokkuð undir áætlunum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Stjórnendur N1 vísa til þess, að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála, að í samningunum séu leiðréttingarákvæði sem kveði á um að kaupverðið skuli taka breytingum reynist afkoma félaganna ekki í samræmi við helstu skilmála kaupsamkomulagsins. Ekki fást upplýsingar um hversu mikinn afslátt N1 hyggst fara fram á af áður umsömdu kaupverði í viðræðum sínum við Festi. Tillögur N1 að lægra kaupverði hafa enn ekki verið formlega ræddar á fundum stjórnenda félaganna.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er nú búist við því að hagnaður verslana í rekstri Festar fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) verði í kringum tíu prósentum lægri á yfirstandandi rekstrarári en spár höfðu áður gert ráð fyrir. Þegar tilkynnt var um kaup N1 á öllu hlutafé Festar fyrir þremur mánuðum kom fram að 37,9 milljarða króna heildarvirði Festar grundvallaðist meðal annars á áætlunum um að EBITDA rekstrarfélaganna – Krónunnar, Elko, Nóatúns og Kjarvals – yrði 2.125 milljónir. Minni EBITDA er sögð endurspegla sölusamdrátt hjá Krónunni eftir að Costco opnaði heildsöluverslun sína í lok maímánaðar en á móti kemur að rekstur raftækjaverslunarinnar Elko, sem einnig er í eigu Festar, hefur gengið betur en vonir stóðu til. Fyrirhuguð kaup N1 á Festi innihalda einnig á kaup á samtals 17 fasteignum félagsins sem eru samtals um 71.500 fermetrar að stærð.



Festi rekur meðal annars sautján verslanir undir merkjum Krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**2.125**

**milljónir var áætluð EBITDA rekstrarfélaga Festar á yfirstandandi rekstrarári.**

Viðræður um endanlegan kaupsamning milli N1 og Festar standa enn yfir og er gert ráð fyrir niðurstöðu á þriðja ársfjórðungi. Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður Festar og einn stærsti hluthafi félagsins, segist í samtali við Markaðinn ekkert geta tjáð sig um viðræðurnar. Unnið sé að því að ljúka kaupsamningi. Þá vísar Hreggviður til þess að í skilmálum samkomulagsins, sem tilkynnt hafi verið um í byrjun júní, hafi verið gert ráð fyrir ákveðnu kaupverði og að það gæti orðið hærra – allt að einum milljarði – ef afkoma rekstrarfélaga Festar reynist umfram áætlanir. Ekki standi til að gera breytingar á þeim skilmálum af hálfu Festar.



Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður Festar.

Þegar tilkynnt var um fyrirhuguð kaup N1 á Festi þann 9. júní síðastliðinn hækkuðu hlutabréf í olíufélaginu um nærri tíu prósent í verði. Var gengi bréfanna við lok markaðar þann dag 124 krónur á hlut. Gert er ráð fyrir að kaupverðið á Festi verði greitt með hlutum í N1 á genginu 115, jafnvirði 8.750 milljóna króna, og hins vegar með yfirtöku skulda og lántöku. Gengi bréfa N1 standa nú í 111,5 krónum á hlut en hlutabréfaverð félagsins hefur lækkað nokkuð síðustu vikur og mánuði. Afkoma N1 á fyrri árshelmingi olli vonbrigðum en EBITDA félagsins lækkaði um 30 prósent á milli ára. Stjórnendur gera hins vegar eftir sem áður ráð fyrir óbreyttri EBITDA á þessu ári og að hún verði á bilinu 3.500 til 3.600 milljónir króna.

Lakari afkoma af rekstri Krónunnar er til marks um að verslunarkeðjan, rétt eins og smásölurisinn Hagar, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Bónuss og Hagkaups, hefur ekki farið varhluta af innkomu Costco á íslenskan dagvörumarkað. Hlutabréfaverð Haga hefur lækkað í verði um þriðjung frá opnun Costco og hefur félagið í tvígang sent frá sér afkomuviðvörun þar sem fram hefur komið að sölusamdráttur hafi orðið í júní og júlí og vísað til þess að breytt samkeppnisumhverfi hafi haft áhrif á rekstur og markaðsstöðu félagsins. Gert er ráð fyrir því að EBITDA Haga verði um 20 prósentum lægri á öðrum ársfjórðungi rekstrarársins en á sama tíma fyrir ári.

**hordur@frettabladid.is**

## Goldman fer með atkvæðarétt í Arion

Bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs, sem keypti fyrr á árinu 2,6 prósenta hlut í Arion banka, fer með atkvæðarétt í bankanum, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi Kaupskila, dótturfélags Kaupþings. Atkvæðaréttur fylgir hins vegar ekki eignarhlutum vogunarsjóðanna Attestor Capital, Taconic Capital og Och-Ziff Capital að svo stöddu, en þeir keyptu samanlagt 26,6 prósenta hlut í bankanum.

Goldman Sachs og vogunarsjóðirnir þrír keyptu samanlagt tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka af Kaupþingi fyrir ríflega 48,8 milljarða króna í mars síðastliðnum. Í kjölfarið sendi Fjármálaeftirlitið frá sér tilkynningu þar sem meðal annars kom fram að keyptu eignarhlutunum fylgdi ekki atkvæðaréttur að svo stöddu.

Eftirlitið leiðrétti tilkynninguna skömmu síðar og tók þá fram að „Fjármálaeftirlitið hefur vitneskju um þetta atriði að því er varðar þrjá stærstu aðilana, en hefur ekki upplýsingar um þetta atriði varðandi þann fjórða“.




Stefnt er að hlutafjárútboði Arion banka síðar í október eða nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Í ársreikningi Kaupskila fyrir síðasta ár kemur fram að félagið hafi fengið 26,58 prósent af atkvæðarétti í Arion banka sem að öðrum kosti hefði flust til kaupendanna, þ.e. vogunarsjóðanna þriggja, við söluna þar til kaupendurnir hafi verið metnir hæfir eigendur eða bankinn skráður á markað. Hlutum Goldman Sachs fylgir hins vegar atkvæðaréttur í bankanum.

Eins og greint var frá í Markaðinum í síðasta mánuði munu hvorki vogunarsjóðirnir né Goldman Sachs bæta við hlut sinn í Arion banka síðar á árinu, en þeir hafa kauprétt að um 22 prósenta hlut til viðbótar sem gildir til 22. september. **– kij**

**Markaðsráðstefna í Kaldalóni Hörpu 15. september.**

# KROSSMIÐLUN

**Pipar\TBWA**



## Rohit Thawani

### Aðalfyrirlesari á Krossmiðlun 2017

Hann er kallaður Obi-Wan Kenobi stafræna heimsins. Rohit Thawani er yfir allri stafrænni stefnumótun og samfélagsmiðlamarkaðssetningu auglýsingastofunnar TBWA/Chiat/Day í Los Angeles og situr einnig í alþjóðlegu tæknisköpunarráði TBWA. Rohit hefur unnið fyrir stór vörumerki á borð við Apple, Coca-Cola, Netflix, Nissan, American Idol, NBA, Gatorade o.fl. Rohit er vinsæll fyrirlesari en hann hefur meðal annars flutt fyrirlestra á borð við „Reddit, you're doing it wrong" og „When your devices decide to touch you back".

## Húsið opnar kl. 8.30.
## Dagskrá kl. 9.00–12.00.

Ekki missa af einstöku tækifæri til að fræðast og hlýða á einn fremsta sérfræðing heims í samfélagsmiðlum.

### Það verða einnig fleiri frábærir fyrirlesarar á Krossmiðlun:

**Valgeir Magnússon**



Stjórnarformaður Pipar\TBWA, Ghostlamp og Nordic Angling, flytur fyrirlesturinn: „Í gegnum áhrifavalda".

**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir**



Fyrrverandi forstjóri Gray Line og Pizza Hut, flytur fyrirlesturinn: „Haltu mér, slepptu mér" nýr veruleiki í markaðsmálum og ferðaþjónustu.

**Dr. Valdimar Sigurðsson**



Prófessor og forstöðumaður Rannsóknarseturs HR í markaðsfræði og neytendasálfræði flytur fyrirlesturinn: „Smásala: Horft til framtíðar".

**Undanfarin ár hefur verið uppselt á Krossmiðlun svo það er gott að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.**

**Miðasala á harpa.is**



Upplýst verður um niðurfærslu á útlánum Arion banka til United Silicon í Helguvík í síðasta lagi fyrir uppgjör bankans fyrir þriðja ársfjórðung 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kaupþing vill svör um afskriftir Arion

**Niðurstaða um hversu miklu af átta milljarða króna lánveitingu Arion til United Silicon þarf að færa niður verður að liggja fyrir áður en hægt verður að ráðast í hlutafjárútboð á 58 prósenta eign Kaupþings í bankanum. Lánveitingin er um 3,6 prósent af eigin fé Arion.**

Stjórnendur Kaupþings vilja samkvæmt heimildum Markaðarins fá svör um hversu mikið Arion banki þarf að afskrifa af átta milljarða króna lánveitingu sinni til kísilmálmverksmiðju United Silicon áður en ráðist verður í fyrirhugað hlutafjárútboð á 58 prósenta hlut í bankanum. Lánveitingin nemur 3,6 prósentum af eigin fé bankans.

Stefnt er að hlutafjárútboði Arion banka, þar sem Kaupþing mun bjóða allt að 58 prósenta hlut sinn til sölu, í október eða nóvember, eins og Markaðurinn greindi frá um miðjan ágúst. United Silicon hefur aftur á móti fengið áframhaldandi greiðslustöðvun til 4. desember. Arion banki, stærsti lánveitandi kísilversins, er með um átta milljarða útistandandi við félagið í lánsloforðum og ábyrgðum. Þar að auki hefur hann fært niður 16,3 prósenta hlut sinn í verksmiðjunni að fullu sem var bókfærður á rétt tæpan einn milljarð króna.

Arion banki segir í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins að tvær skýringar séu á því að ekki var gerð varúðarniðurfærsla vegna lánveitinga til United Silicon í bókum bankans þegar árshlutareikningur hans var kynntur 23. ágúst. Annars vegar hafi sá atburður sem fyrst og fremst leiddi til þess að verksmiðjan lenti í greiðsluerfiðleikum, það er niðurstaða gerðardóms um að kísilverið þurfi að greiða ÍAV rúman milljarð króna vegna vangreiddra reikninga, ekki legið fyrir fyrr en eftir lok reikningsskiladags, 30. júní, eða nánar tiltekið 26. júlí. Hins vegar hafi verið horft til þeirrar miklu óvissu sem ríkti, og ríki í raun enn, varðandi framtíð verksmiðjunnar. Bankinn hafi því talið eðlilegra að gefa upp heildaráhættu sína gagnvart félaginu og upplýsa síðar um afstöðu til frekari varúðarniðurfærslna eftir því hvernig málið þróast.

> **Um er að ræða varúðarniðurfærslu en algjörlega óvíst er hve mikið af fjárfestingunni tapast og upplýsingar um það liggja ekki fyrir að svo stöddu.**
>
> 
>
> Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins

Varðandi það hvort bankinn ætli að klára slíka varúðarniðurfærslu fyrir hlutafjárútboð og skráningu sem stefnt er að síðar á árinu, segir í svari Arion:

„Það er rétt að þegar kemur að sölumálum bankans þá er hlutafjárútboð og skráning einn af þeim kostum sem í skoðun eru. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun að svo stöddu. Arion banki hefur, frá því gerðardómur féll í máli ÍAV í lok júlí og United Silicon sótti um greiðslustöðvun, unnið að því að afla gagna og upplýsinga til að meta mögulega niðurfærsluþörf vegna útlána til félagsins. Sú vinna er ágætlega á veg komin og mun mat bankans liggja fyrir á næstu vikum. Upplýst verður um niðurstöðuna í síðasta lagi í uppgjöri bankans fyrir þriðja ársfjórðung.“

Arion var alltumlykjandi í fjármögnun verksmiðjunnar sem bankinn hóf að leiða árið 2014 og sá um útgáfu skuldabréfa vegna framkvæmdarinnar á innlendum markaði. Samkvæmt árshlutareikningnum fyrir fyrstu sex mánuði ársins töldu stjórnendur bankans að um tiltölulega áhættulitla fjárfestingu væri að ræða þar sem öll leyfi hefðu verið til staðar, eftirspurn og markaðsverð kísilmálmsins gott, tæknin margreynd, stjórnvöld og Reykjanesbær sammála um að framkvæmdin væri jákvæð og að henni hefðu komið innlendir og erlendir sérfræðingar og fjárfestar. Jafnframt hefði legið fyrir að reynsla af kísilverum væri almennt góð. Þremur árum síðar er staðan sú að umfang eftirlits Umhverfisstofnunar með verksmiðjunni er fordæmalaust og ítrekuð mengunaróhöpp og önnur vandamál hafa leitt til þess að rekstrurinn hefur verið stöðvaður.

Þrír lífeyrissjóðir í stýringu hjá bankanum fjárfestu í verksmiðjunni í Helguvík fyrir alls 1.375 milljónir króna. Þar er um að ræða Frjálsa lífeyrissjóðinn, Eftirlaunasjóð félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA) og Lífeyrissjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands (LSBÍ). Starfsfólk Arion gegnir stjórnunarstöðum í þeim öllum og eru skrifstofur sjóðanna í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Borgartúni.

Frjálsi á stærstu fjárfestingu íslenskra lífeyrissjóða í verkefninu eða sem nemur 1.178 milljónum króna eða rétt rúmu hálfu prósenti af heildareignum hans. Fjárfestingin skiptist jafnt á milli skuldabréfa og hlutabréfa í kísilverinu og voru viðskiptin öll framkvæmd eftir ráðgjöf Arion banka. Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa, segir í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins að búið sé að ráðast í 90 prósenta varúðarniðurfærslu á skuldabréfum og hlutabréfum sjóðsins í United.

„Um er að ræða varúðarniðurfærslu en algjörlega óvíst er hve mikið af fjárfestingunni tapast og upplýsingar um það liggja ekki fyrir að svo stöddu,“ segir Arnaldur.

Heildarfjárfesting EFÍA í Helguvík nemur 112,9 milljónum króna eða 0,34 prósentum af heildareignum sjóðsins. Stjórn hans samþykkti árið 2014 að ráðast í fjárfestinguna að undangenginni ítarlegri greiningu sérfræðinga eignastýringar Arion banka. Fjárfest var í skuldabréfum sem báru tíu prósenta vexti og voru vaxtakjör talin góð að teknu tilliti til áhættu. EFÍA tók svo þátt í hlutafjáraukningum verksmiðjunnar, aftur að lokinni ítarlegri greiningu sérfræðinga bankans, svo koma mætti kísilverinu í starfshæft ástand.

> **Arion banki telur eðlilegra að upplýsa síðar um afstöðu sína til frekari afskrifta á lánum til United Silicon.**

„EFÍA gerði varúðarniðurfærslu á heildareign sinni í United Silicon. Varúðarniðurfærslan nam 90 prósentum en á þessu stigi liggur ekki fyrir hvernig mál munu þróast og því alls óvíst hver lokaniðurstaða verður,“ segir Snædís Ögn Flosadóttir, framkvæmdastjóri EFÍA.

LSBÍ, áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, fjárfesti í kísilverinu fyrir 79 milljónir króna eða sem nemur 0,35 prósentum af heildareignum sjóðsins. Ólíkt hinum tveimur keypti sjóðurinn ekki hlutafé heldur einungis skuldabréf , en hefur einnig gert varúðarniðurfærslu í bókum sínum.

Að lokum hafa stjórnendur Festu lífeyrissjóðs í Reykjanesbæ fært niður 3,5 prósenta eignarhlut sjóðsins og fjárfestingu, að samtals 875 milljónir króna, sem var bæði í formi hlutafjár og skuldabréfa. Nemur hún um 0,7 prósentum af heildareignum Festu. Sjóðurinn keypti skuldabréf síðla árs 2014 þegar arðsemi fjárfestingarinnar var metin góð af sérfræðingum Arion og tók síðar þátt í hlutafjáraukningunum.

„Félagið er í greiðslustöðvun og það er aðalkröfuhafinn eða Arion banki sem stýrir því ferli og við erum því í biðstöðu. Við færðum varúðarniðurfærslu á fjárfestingu okkar í verkefninu og það er eðlilegt við þessar aðstæður,“ segir Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs. haraldur@frettabladid.is

## Hagnaður NTC tvöfaldaðist í fyrra

Hagnaður tískukeðjunnar NTC, sem rekur meðal annars verslanirnar Sautján, Evu og GK Reykjavík, nam 81 milljón króna í fyrra og nær tvöfaldaðist á milli ára, að því er fram kemur í nýbirtum ársreikningi keðjunnar.

> **2,1**
>
> **milljarður var vörusala tískukeðjunnar NTC á síðasta ári.**

NTC seldi vörur fyrir 2,1 milljarð króna í fyrra og jókst vörusalan um sex prósent á milli ára. Rekstrarkostnaður keðjunnar nam um 977 milljónum króna í fyrra og jókst um 33 milljónir á milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 147,8 milljónir króna í fyrra og jókst um 51 prósent frá fyrra ári.

Eigið fé tískukeðjunnar var 242 milljónir króna í lok síðasta árs, borið saman við 181 milljón í lok árs 2015, og þá námu eignir NTC um 803 milljónum króna í lok árs 2016. Var eiginfjárhlutfallið því 30,1 prósent.



Svava Johansen, einn eigenda NTC.

Stjórn tískukeðjunnar leggur til að greiddar verði fjörutíu milljónir króna í arð á þessu ári. – kij

## Björn Ingi og Arnar með þriðjungshlut í Pressunni

Félagið Kringluturninn, sem er í jafnri eigu Björns Inga Hrafnssonar og Arnars Ægissonar, jók í liðinni viku við eignarhlut sinn í fjölmiðlafyrirtækinu Pressunni, sem er meðal annars móðurfélag Vefpressunnar, DV og Eyjunnar. Félagið á nú 23,3 prósenta hlut í Pressunni. Björn Ingi er útgefandi Pressunnar og Arnar framkvæmdastjóri félagsins.

Eignarhlutur Dalsins, sem er í jafnri eigu þeirra Árna Harðarsonar, Halldórs Kristmannssonar, Hilmars Þórs Kristinssonar, Jóhanns G. Jóhannssonar og Róberts Wessmanns, fór á sama tíma úr 88,4 í 66,3 prósent.

Eiga nú félög í eigu Björns Inga og Arnars um 31 prósent hlut í Pressunni.

Eins og Markaðurinn greindi frá í síðustu viku var lánveitingum Dalsins til Pressunnar breytt í hlutafé og eignaðist félagið þannig ráðandi hlut í fjölmiðlafyrirtækinu.

Í apríl var tilkynnt að sex fjárfestahópar, þar á meðal Dalurinn, hefðu ákveðið að leggja Pressunni til fé. Var gert ráð fyrir að hlutafé yrði aukið um 300 milljónir. Áformin um hlutafjáraukninguna gengu hins vegar ekki eftir. Dalurinn lagði til umtalsverða fjármuni, sem nýttust við greiðslu opinberra gjalda og vegna vanskila á lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsgreiðslum starfsmanna, en aðrir fjárfestar hættu við.



Björn Ingi Hrafnsson, útgefandi Pressunnar.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa skuldir Vefpressunnar og DV aukist undanfarna mánuði og nema heildarskuldir Pressusamstæðunnar nú rúmlega 700 milljónum króna. Eru vanskil við tollstjóra vegna opinberra gjalda og eins ógreidd gjöld í lífeyrissjóði og stéttarfélög yfir 400 milljónir króna.

Í dag verður stefna félagsins Útvarðar ehf., sem er í eigu Þorsteins Guðnasonar, fyrrverandi stjórnarformanns DV, á hendur Pressunni tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur. Skuldar Pressan Útverði tugi milljóna króna.

Síðar í mánuðinum verður gjaldþrotabeiðni tollstjórans á hendur Vefpressunni tekin fyrir í héraðsdómi. – kij

# Haustráðstefna Advania 2017

Á einni stærstu tækniráðstefnu ársins verður fjallað um hagkerfi framtíðarinnar og ótrúlega möguleika gagnagnóttar, auk þess sem íslenskir forstjórar setjast í suðupottinn og svara sjóðheitum spurningum.




**Þökkum frábærar viðtökur og hlökkum til að sjá þig í Hörpunni, föstudaginn 8. sept.**

advania
Welcome to IT

17-2341 HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



Mikið mæddi á Hæstarétti Íslands í kjölfar falls bankakerfisins haustið 2008. Afkoma flestra lögmannastofa landsins batnaði stórlega í kjölfar hrunsins en ákveðnar vísbendingar eru um að farið sé að draga úr þeim miklu umsvifum sem hafa einkennt starfsemi stofanna síðustu ár. Sem dæmi hefur svonefndum hrunmálum, sem rekin hafa verið fyrir dómstólum, fækkað verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Afkoma stærstu stofanna fer versnandi

**Samanlagður hagnaður sjö af stærstu lögmannastofum landsins nam 1.233 milljónum króna í fyrra og dróst saman um 580 milljónir eða 32 prósent á milli ára. Mestu munaði um hundraða milljóna samdrátt hjá Logos og BBA Legal. Sumar stofur leita leiða til að hagræða.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Eftir mikinn uppgang og gríðarlegan hagnað á árunum eftir fall bankanna haustið 2008 virðist sem gjörbreytt mynd blasi nú við stærstu lögmannastofum landsins. Samanlagður hagnaður stærstu stofanna dróst saman um þriðjung á síðasta ári og minnkuðu tekjurnar um hátt í fimmtán prósent.

Afkoma flestra lögmannastofa hér á landi batnaði stórlega í kjölfar hrunsins vegna aukinna umsvifa í tengslum við gjaldþrot og endurskipulagningu margra stærstu fyrirtækja landsins. Því verki er hins vegar að langmestu leyti lokið. Að sama skapi sér nú fyrir endann á meðferð þeirra mála sem tengjast hruninu með einum eða öðrum hætti fyrir dómstólum landsins. „Stofurnar leita nú að næstu gullgæs,“ segir einn viðmælandi Markaðarins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins greiddu stærstu erlendu viðskiptavinir tveggja af stærstu lögmannastofum landsins, Logos og BBA Legal, þar á meðal erlendir kröfuhafar gömlu bankanna, helstu eigendum stofanna um 500 til 600 evrur í tímakaup fyrir störf sín á árunum í kjölfar hrunsins. Það er um þrisvar sinnum hærra kaup en innlendir viðskiptavinir greiða.

Erlendu kröfuhafarnir eru nú farnir af landi brott og þá hefur gengisstyrking krónunnar á umliðnum árum gert það að verkum að lögmenn sem starfa fyrir erlend fyrirtæki og fjárfesta fá minna í sinn hlut í krónum talið en áður.

Forsvarsmenn nokkurra lögmannastofa hafa reynt að leita leiða til þess að hagræða í rekstri, svo sem með því að fækka eigendum, draga úr yfirbyggingu og horfa til sameininga við aðrar stofur, og bregðast þannig við breyttu umhverfi. Heimildir Markaðarins herma að einhverjar þreifingar hafi verið um sameiningar og segir einn viðmælandi blaðsins, sem þekkir vel til mála, ekki ólíklegt að tilkynnt verði um slíka samruna á næstu misserum.

Samanlagður hagnaður sjö af stærstu lögmannastofum landsins nam 1.233 milljónum króna á síðasta ári og dróst saman um 580 milljónir króna eða 32 prósent frá fyrra ári. Mestu munar um 254 milljóna króna samdrátt hjá Logos, stærstu lögmannastofu landsins, og 236 milljóna króna samdrátt hjá BBA Legal, en báðar stofurnar hafa á undanförnum árum starfað fyrir erlenda fjárfesta og kröfuhafa sem hafa átt umtalsverðra hagsmuna að gæta hér á landi.

**Logos enn í sérflokki**

Samkvæmt nýbirtum ársreikningum sjö af stærstu lögmannastofum landsins – Logos, Lex, Landslaga, BBA Legal, Juris, Markarinnar og Advel – þá batnaði afkoman í fyrra aðeins í tilfelli Lex. Hjá hinum sex stofunum dróst hagnaðurinn saman á milli ára. Tekjur allra stofanna drógust auk þess saman nema í tilfelli Landslaga. Samanlagðar tekjur stofanna námu 5.918 milljónum króna í fyrra borið saman við 6.825 milljónir króna árið 2015. Nam samdrátturinn liðlega þrettán prósentum.

Eins og undanfarin ár er Logos í algjörum sérflokki, en í fyrra skilaði stofan hagnaði upp á 570 milljónir króna. Athygli vekur hins vegar að hagnaðurinn dróst saman um ríflega 30 prósent á milli ára og var afkoman raunar sú versta hjá stofunni frá hruni. Samtals námu tekjur lögmannastofunnar 2.232 milljónum króna og minnkuðu um rúmlega 430 milljónir frá fyrra ári.

**Eðli verkefnanna breytist nú hægt og bítandi, en ekki í einni svipan eins og í hruninu, og í takti við gang viðskiptalífsins á hverjum tíma.**

Helga Melkorka Óttarsdóttir, faglegur framkvæmdastjóri Logos



**32%**

**var samdráttur í samanlögðum hagnaði sjö af stærstu lögmannastofum landsins í fyrra.**

Þar munaði mestu um meira en 300 milljóna króna samdrátt í tekjum vegna starfseminnar í Lundúnum, þar sem Logos hefur starfrækt skrifstofu frá árinu 2006, sem skýrist einkum af nærri 30 prósenta gengisveikingu pundsins gagnvart krónunni á árinu 2016.

Helga Melkorka Óttarsdóttir, faglegur framkvæmdastjóri Logos, segir að utanaðkomandi þættir, til dæmis gengisstyrking krónunnar, hafi sett mark sitt á afkomu lögmannastofunnar í fyrra. „Við vinnum mikið fyrir erlenda aðila, bæði í gegnum dótturfélag okkar í Lundúnum og eins hér á landi, þannig að stór hluti tekna stofunnar er að jafnaði í erlendri mynt. Sveiflur á gengi krónunnar eru því stór breyta í okkar rekstri.“

Hún segir reksturinn hafa gengið vel í fyrra. Verkefnastaðan sé góð en eðlilegt sé að eðli verkefnanna breytist frá einum tíma til annars. „Við búum við tiltölulega breiðan þekkingargrunn og erum með sérfræðinga á mjög mörgum réttarsviðum, þannig að þó svo að eitthvert eitt svið í viðskiptalífinu gefi eftir er eins og annað lifni við á sama tíma. Eðli verkefnanna breytist nú hægt og bítandi, en ekki í einni svipan eins og í hruninu, og í takti við gang viðskiptalífsins á hverjum tíma.“

Mikill hagnaður Logos á umliðnum árum – en samanlagður hagnaður stofunnar á árunum 2009 til 2016 hefur numið um 5,9 millj- ➡

## Eigendur Logos fá mest í sinn hlut

Hafi allur hagnaður stærstu lögmannastofa landsins á síðasta ári verið greiddur út í arð, líkt og venja er, þá fengu eigendur Logos að meðaltali mest í sinn hlut. Arðgreiðslur til þeirra eru þá að meðaltali rúmar 33 milljónir króna, borið saman við um 48 milljónir árið áður, en í hópi eigenda stofunnar eru Helga Melkorka Óttarsdóttir, Óttar Pálsson og Guðmundur Oddsson, sem stýrir starfsemi Logos í Lundúnum.

Arðgreiðslur til eigenda BBA Legal dragast verulega saman á milli ára og nema tæpum 4 milljónum króna að meðaltali fyrir síðasta ár. Til samanburðar námu þær að meðaltali um 38 milljónum fyrir árið 2015. Stærstu hluthafar BBA Legal, sem eiga hver um sig 17,78 prósenta hlut, eru Baldvin Björn Haraldsson, Einar Baldvin Árnason, Bjarki H. Diego, Ásgeir Árni Ragnarsson og Atli Björn Þorbjörnsson.

Eigendur Lex fá að meðaltali um 12 milljónir króna í arð fyrir síðasta ár, borið saman við um 9 milljónir árið áður, en á meðal eigenda stofunnar eru Gunnar Viðar, Helgi Jóhannesson og Hulda Árnadóttir. Eigendur stofunnar hafa almennt fengið minni arð í sinn hlut undanfarin ár en eigendur stofa af sambærilegri stærð.

Eigendur Landslaga fá að meðaltali um 16 milljónir króna í sinn hlut í arð og standa arðgreiðslurnar nokkurn veginn í stað á milli ára. Á meðal eigenda stofunnar eru



**Óttar Pálsson, stjórnarformaður Logos.**

Jóhannes Karl Sveinsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Arðgreiðslur til eigenda Juris eru að meðaltali um 11 milljónir króna fyrir síðasta ár, borið saman við 13 milljónir fyrir árið 2015, en Andri Árnason, Lárus Blöndal og Sigurbjörn Magnússon eru á meðal eigenda stofunnar.

Meðaltalsarðgreiðslur til eigenda Markarinnar meira en helmingast á milli ára. Nema þær 16 milljónum vegna síðasta árs en voru 34 milljónir árið áður.

Eigendur Advel lögmanna, sem eru nú orðnir tólf talsins, fá að meðaltali um 3 milljónir króna í sinn hlut.

# Fólk

MIÐVIKUDAGUR 6. SEPTEMBER 2017

Heilsa



**Garðyrkjufræðingar Grasagarðs Reykjavíkur og matjurtaklúbbur Garðyrkjufélags Íslands, Hvannir, bjóða gestum og gangandi í spurt og spjallað við matjurtagarð Grasagarðsins í dag.**

heilsa →6


Clear eyes




Fæst í apótekum




Zonnic mint skammtapokar eru sænsk þróun og hafa verið notaðir þar í nokkur ár til að auðvelda fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun. Lyfið er einnig komið á markað í Noregi og Finnlandi. Salan á Zonnic mint hófst 1. september og er það komið í sölu í helstu apótekum og í fjölda verslana og bensínstöðva.

# Nýtt nikótínlyf: Skammtapokar undir vör

Zonnic mint er nýtt nikótínlyf í nettum skammtapoka sem settur er undir vör. Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og er ætlað til meðferðar við tóbaksfíkn og auðveldar þannig fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun. Lyfið er sænskt og er einnig selt í Noregi og Finnlandi →2

**Framhald af forsíðu ➺**

Zonnic mint skammtapokar (posar) eru sænsk þróun og hafa verið notaðir þar í nokkur ár til að auðvelda fólki að draga úr eða hætta tóbaksnotkun. Lyfið er einnig komið á markað í Noregi og Finnlandi.

### Nikótínið frásogast í munnholinu

„Zonnic mint skammtapokarnir með nikótíni eru vættir með tungunni og settir undir vörina og geymdir þar,“ segir Hákon Steinsson lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Gott er að færa hann til öðru hvoru með tungunni en það eykur losun nikótínsins úr pokanum.“ Sumir fá brjóstsviða og ertingu í maga við notkun á nikótín lyfjatyggigúmmíi, en munnvatn, sem kyngt er niður í maga, myndast stöðugt þegar gúmmíið er tuggið. Nikótínið úr Zonnic skammtapokum frásogast í munnholinu, en það lágmarkar magn nikótíns sem berst niður í háls og maga þar sem það getur valdið ertingu.

### Hættu á þínum hraða

Zonnic mint hjálpar bæði þeim sem vilja hætta alveg tóbaksnotkun og þeim sem vilja draga úr reykingum og skiptir þá máli að hafa í huga að hver sígaretta sem sleppt er að reykja er sigur. Þar sem mjög hátt hlutfall þeirra sem reyna að hætta reykingum hefur aftur tóbaksnotkun er mikilvægt að hver og einn taki ferlið á sínum hraða – sleppi einni sígarettu í einu. Oft á ekki við að nota tóbak og þá er Zonnic mint skammtapoki góð lausn. Þegar fólk vill ekki, getur ekki eða má ekki reykja, t.d. á fundum, í flugvélum og á veitingahúsum, getur Zonnic mint skammtapokinn hentað vel þar sem hann er það lítill og þunnur að hann sést ekki, nikótínið losnar úr pokanum yfir lengri tíma og gefur um leið ferskan andardrátt.

### Sölustaðir

Zonnic mint inniheldur 4 mg af nikótíni í hverjum skammtapoka og kemur í 20 stykkja dósum með skrúfloki og barnalæsingu. Salan hófst 1. september og er Zonnic mint komið í sölu í helstu apótekum og í fjölda verslana og bensínstöðva.

Ítarlegar upplýsingar um Zonnic mint er að finna á www.zonnic.is.

**Athugið að lesa vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is., www.zonnic.is**



**Máttu ekki reykja? Zonnic mint skammtapokinn hentar þar.**

zonnic®

## Algengar spurningar

- **Hver er munurinn á Zonnic mint og sænsku munntóbaki?**
  Svar: Zonnic mint er lyf sem inniheldur ekki skaðlegt tóbak heldur einungis nikótín og óvirk hjálparefni.
- **Er Zonnic mint eins og KickUp munnpokar?**
  Svar: Nei – Zonnic mint er lyf sem inniheldur nikótín en KickUp inniheldur vítamín og ýmis efni önnur en nikótín.







**Zonnic mint skammtapokarnir með nikótíni eru vættir með tungunni og settir undir vörina og geymdir þar.**

LYFIS
*Traust í lyfjum*


# LJÓS OG LAMPAR

**Sérblaðið ljós og lampar kemur út 20. september.**

Blaðið kemur út árlega með Fréttablaðinu.
Nú fjalla blaðamenn um lýsingu bæði á heimilum og á vinnustaðnum.

**Áhugasamir hafi samband við:**

**Jón Ívar Vilhelmsson**
**Sími/Tel: +354 512 5429**
**jonivar@365.is**

FRÉTTABLAÐIÐ




# Viltu stofna fyrirtæki?

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**

**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 12., 19. og 26. september kl. 16:10 – 19.**

**Námskeiðsstaður er Háskóli Íslands – Askja, stofa N-128, Sturlugötu, Reykjavík.**

**Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is**

**Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M**

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 552-6090, 894-6090 eða á lexista@lexista.is**

**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þátttöku á námskeiðinu um 50%.**



**Lexista**

Lexistaehf.
Lögmannsstofa
Holtasmára1,6.hæð
201 Kópavogur

Skattaráðgjöf
Stofnun fyrirtækja
Skattframtalsgerð
Almenn lögfræðiþjónusta
Bókhald og ársreikningar




Tegund: Eik Nouveau Blonde


GERÐU EIN BESTU
KAUP ÁRSINS!
RISA
ÚTSALA
Á PARKETI, FLÍSUM, HURÐUM
OG LOFTAEFNUM
30-60%
AFSLÁTTUR
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS!
Birgisson
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

# Margar leiðir til að gjörnýta kryddjurtir og grænmeti

**Garðyrkjufræðingar Grasagarðs Reykjavíkur og matjurtaklúbbur Garðyrkjufélags Íslands, Hvannir, bjóða gestum og gangandi í spurt og spjallað við matjurtagarð Grasagarðsins í dag milli klukkan 18 og 19.30. Góð ráð verða gefin um hvernig má þurrka kryddjurtir, frysta þær og búa til olíur.**

Hér gefst frábært tækifæri til að fræðast um aðferðir til að meðhöndla uppskeruna úr mat- og kryddjurtagarðinum svo ekkert fari til spillis," segir Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Grasagarðinum, en garðyrkjufræðingar verða til skrafs og ráðagerða milli klukkan 18 og 19.30 í kvöld við matjurtagarð Grasagarðsins, hægra megin við aðalinngang garðsins.

„Oft fær fólk heilan helling upp úr beðunum og veit svo ekkert hvað á að gera við allt saman, en það eru ýmsir möguleikar til að geyma grænmeti og kryddjurtir," segir Björk. Auk garðyrkjufræðinga verða fulltrúar Hvanna, matjurtaklúbbs Garðyrkjufélagsins, til taks.

„Þær Dagný Hermannsdóttir, súrkálsgerðarkona með meiru, og Helga Helgadóttir geta meðal annars ráðlagt fólki um hvernig þurrka má kryddjurtir, búa til kryddjurtaolíur eða frysta jurtirnar. Þá eru til ýmsar aðferðir við að snöggsjóða og kæla grænmeti áður en það fer í frost," segir Björk.

Hún hvetur þá sem ekkert fengu nema njóla upp úr beðunum sérstaklega til að koma við í garðinum og fá ráð.

„Það er bara hollt að gera mistök og læra af þeim. Fræðingarnir geta hjálpað fólki að finna út hvað fór úrskeiðis, hvort kenna megi veðrinu um eða hvað það gerði rangt. Svo verður einnig hægt að fá ráðleggingar um það hvernig ganga á sem best frá garðinum fyrir veturinn. Ég þekki það sjálf að ef maður er ekki duglegur að hausti kemur það illilega í bakið á manni þar sem svo miklu meiri vinna bíður að vori," segir Björk.

Hvað ætti helst að gera?

„Það eru ýmis ráð til að minnka líkurnar á því að garðurinn verði leiðinlegur. Oftast er það illgresið sem byrjar fyrst að vaxa og þá er sniðugt að reyta vel að hausti. Þannig má grynnka aðeins á illgresisvextinum næsta vor. Einnig er alls konar óværa á ferðinni svo sem sniglar og kálfluga. Sniglarnir verpa í jarðveginn og því er gott að róta dálítið í beðunum um haustið.

Ef fólk ætlar ekki að rækta í beðinu næsta vor má til dæmis breiða yfir það. Aðrir bregða á það ráð að sá einhverju öðru í beðið, til dæmis höfrum. Hafrarnir bæta jarðveginn og eins verður ekki jafn mikið pláss fyrir illgresi í reitnum á meðan," segir Björk.

Aðgangur er ókeypis.



Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri Grasagarðs Reykjavíkur, hvetur fólk til að kíkja við í matjurtagarði Grasagarðsins og fá ráð um nýtingu uppskerunnar. Þeir sem fengu bara njóla úr beðum sínum eru hvattir til að mæta. MYND/ANTON BRINK



Garðyrkjufræðingar Grasagarðs Reykjavíkur og matjurtaklúbbur Garðyrkjufélags Íslands, Hvannir, bjóða gestum og gangandi í spurt og spjallað í kvöld.

> **Ef maður er ekki duglegur að hausti kemur það illilega í bakið á manni þar sem svo miklu meiri vinna bíður að vori.**



## Saðsöm gulrótar- og kartöflusúpa

### Silkimjúk uppskerusúpa fyrir 8

- 2 msk. smjör
- 2 laukar skornir í teninga
- 1 eða fleiri hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- 5 bollar kjúklingasoð
- 3 bollar gulrætur skornar í bita
- 3 bollar kartöflur skornar í bita
- 1 tsk. ítalskt krydd
- 1 lárviðarlauf
- Salt og pipar





Svitið lauk og hvítlauk í smjöri þar til mjúkt. Bætið kjúklingasoðinu út í pottinn, gulrótum, kartöflum, kryddi og lárviðarlaufi. Látið suðuna koma upp og látið malla þar til grænmetið er orðið mjúkt eða í 20 til 25 mínútur. Veiðið lárviðarlaufið úr og maukið súpuna með töfrasprota. Saltið og piprið og berið fram með góðu brauði.

www.food.com



# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
SKODA Octavia Disel. Árgerð 2010, ekinn 168 Þ.KM, 5 gírar. Verð 1.290.000. Rnr.136476.



**100% LÁN**
SKODA Octavia Disel Sjálfskiptur. Árgerð 2007, ekinn 154 Þ.KM. Verð 1.190.000. Rnr.162836.



**100% LÁN**
NISSAN X-TRAIL Disel. Árgerð 2008, ekinn 201 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.100646.

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
MAZDA 3. Árgerð 2008, ekinn 118 Þ.KM, bensin, sjálfskiptur 4 gírar. TILBOÐ 990.000. Rnr.159793.



**100% LÁN**
MMC Pajero Disel. Árgerð 2003, ekinn 269 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.136442.



**100% LÁN**
HONDA Accord Exec. Árgerð 2006, ekinn 161 Þ.KM, bensin, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.136468.

STÓRA BÍLASALAN



**100% LÁN**
HONDA CRV. Árgerð 2005, ekinn 194 Þ.KM, bensin, sjálfskiptur. TILBOÐ 680.000. Rnr.159918.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bátar

**VEIÐIVÖTN VEIÐIVÖTN**
Netin tilbúin þekking reynsla gæði. heimavik.is s. 892 8655

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í tölfuskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Vissir þú að...
holl og góð fæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill
Save the Children á Íslandi



# Keypt & Selt

## Til sölu


**mýranaut**

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


## Óskast keypt


**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**


## Vélar og verkfæri



Til leigu bygginakrani, sjálfreisanlegur H:25/L:35. Er á dollí, þæginlegur í flutningi og tekur 30min að reisa. S:8925309

## Bækur

**HORNSTRANDABÆKURNAR FYRIR FRÓÐLEIKSFÚSA**

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7,500 kr. Upplögð afmælis og tækifærisgjöf. Frítt með póstinum. Vestfirska forlagið

**Pantanir jons@snerpa.is**

**456 8181**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**SEATTLE**

Meðleigjandi óskast í vetur (e.t.v. lengur). Góð staðsetning, íbúð með öllum búnaði, internet & TV. Sendið inn umsóknir á email: smaar@frettabladid.is

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**

Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 899 7012 Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Bílskúr

Bílskúr til langtíma leigu ca 4x7 m. upph. og 100% rakafrír fyrir t.d. uppgerðan fornbíl eða búslóð. Uppl í s 869 3234

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óska eftir vélstjóra á tæplega 200t netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522

Málarameistari óskast! Tilboð óskast í þakmálningu á Skriðuseli 1, 109 Reykjavík. Uppl. í sima 557-4391 og 660-8301

**HÁSETI VANTAR**

Háseta vantar á mb. Núp BA 69 sem rær með beitingavél frá Patreksfirði. Uppl. í símum 897 1591, 862 5767 og 846 3526.



**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is

**907 2003**

Hjálparstarf kirkjunnar





**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Holtavegur 23, Langholtsskóli

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. ágúst 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 24. ágúst 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Langholtsskóla að Holtavegi 23. Í breytingunni felst að núverandi byggingarreitur fyrir færanlegar stofur á suðausturhluta lóðarinnar sunnan við álmu C færist nær álmu C. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Birkimelur 3

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16. ágúst 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 24. ágúst 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vestan Suðurgötu vegna lóðar nr. 3 við Birkimel. Í breytingunni felst að lögun lóðar og byggingarreits er breytt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Fiskislóð 27

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. ágúst 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 31. ágúst 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 27 við Fiskislóð. Í breytingunni felst hækkun á byggingarmagni lóðarinnar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Sogavegur 69

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. ágúst 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 31. ágúst 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sogavegar 71 til 87 vegna lóðarinnar nr. 69 við Sogaveg. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar um 1,5 metra í norðurátt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 6. september 2017 til og með 18. október 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 18. október 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 6. september 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


**TRAUSTI** fasteignasala


**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**
Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari. S: 899-5949


**Kristján Baldursson hdl.**
Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari 867-3040

## STRANDVEGUR 21, ÍBÚÐ 203




**OPIÐ HÚS Í DAG KL.17.30-18.00**

Glæsileg 118,7fm. íbúð með góðri verönd í lyftuhúsi í Sjálandinu. Eignin er mjög rúmgóð með miklu útsýni út á sjó. Bílastæði í bílakjallarar fylgir eigninni. Tvö svefnherbergi, nýlegt baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð 62,4millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

**Suðurlandsbraut 52**
**108 Reykjavík**
**Sími 533 6050**
**Faxnr. 533 6055**
**www.hofdi.is**

**GLÆSILEG EIGN Á EINUM BESTA STAÐ Í HJARTA REYKJAVÍKUR**




**OPIÐ HÚS!**
**Í dag milli kl.17:00 og 18:00**





**Flókagata 19, 105 Reykjavík.** Um er að ræða 317,6 fm sem eru tvær hæðir ásamt stórum 51,9 fm bílskúr. Þrjár stofur á efri hæð, forstofa og hol,stórt svefnherbergi með fataherbergi, svalir til suðurs, stórt eldhús og verönd með heitum potti. Á neðri hæðinni eru fleiri herbergi, hol, þvottahús og geymslur. Sér 2ja herb. íbúð með sérinngangi. Eignin býður upp á mikla möguleika, en sjón er sögu ríkari. **Ásett verð aðeins kr. 120.000.000 millj.**

**Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**

Runólfur Gunnlaugsson viðsk.fr. lögg.fast. • Ásmundur Skeggjason lögg.fast.



örðum króna – skýrist ekki síst af þeim umfangsmiklu verkefnum sem lögmannastofan hefur unnið fyrir erlend fyrirtæki og fjárfesta sem hafa átt mikilla hagsmuna að gæta hér á landi frá bankahruni.

Þar vega þyngst verkefni sem tengjast uppgjörum gömlu bankanna sem luku allir nauðasamningum í lok árs 2015. Í þeirri vinnu starfaði Logos náið með alþjóðlegu lögmannastofunni Akin Gump, áður Bingham, sem ráðgjafar stærstu erlendu kröfuhafa Glitnis, Kaupþings og gamla Landsbankans. Ljóst er að þeirri vinnu er nú lokið.

Óttar Pálsson, stjórnarformaður og einn eigenda Logos, var einn mikilvægasti ráðgjafi kröfuhafanna í gegnum allt slitaferli bankanna. Greindi DV frá því á sínum tíma að hann hefði átt stóran þátt í því að fá helstu kröfuhafa Glitnis til þess að fallast á stöðugleikaskilyrði íslenskra stjórnvalda í byrjun júní 2015 þar sem þeir samþykktu meðal annars að inna af hendi svonefnt stöðugleikaframlag upp á ríflega 230 milljarða króna. Óttar var enn fremur kjörinn í stjórn eignarhaldsfélags Kaupþings á síðasta ári. Þess má auk þess geta að Logos veitti Kaupþingi lögfræðilega ráðgjöf við sölu á nærri þrjátíu prósenta hlut í Arion banka fyrr á árinu.

### 90 prósenta samdráttur

Hagnaður BBA Legal nam tæplega 27 milljónum króna í fyrra og dróst saman um liðlega 90 prósent frá fyrra ári þegar hagnaðurinn var 263 milljónir. Þá minnkuðu tekjur stofunnar um næstum helming á milli ára en þær voru um 400 milljónir í fyrra. Rekstrarkostnaður minnkaði hins vegar aðeins um ríflega 40 milljónir og var um 360 milljónir á síðasta ári. Tekjurnar voru 725 milljónir árið 2015.

## Hagnaður stærstu lögmannastofanna dróst saman




Afkoma stofunnar frá hruni hefur verið afar góð, raunar allt fram til síðasta árs, en uppsafnaður hagnaður BBA Legal á árunum 2009 til 2016 nam samtals um 1.630 milljónum króna.

Hagnaður Lex lögmannastofu, næst stærstu stofu landsins, nam 166 milljónum króna í fyrra og jókst um tæplega 14 prósent frá árinu 2015, þegar hann nam 146 milljónum. Tekjurnar voru 1.051 milljón króna í fyrra og minnkuðu um liðlega 5 prósent á milli ára.

„Við erum mjög sátt,“ segir Örn Gunnarsson, faglegur framkvæmdastjóri LEX lögmannastofu, um afkomu stofunnar í fyrra. Hann segist gera ráð fyrir að afkoman í ár verði enn betri en í fyrra.

Aðspurður segir hann að mál sem tengjast hruninu árið 2008 og afleiðingum þess hafi vissulega litað starfsemina að einhverju leyti síðustu ár. „En LEX er lögmannastofa með það breiðar stoðir að við höfum kannski fundið minna fyrir hruninu á síðustu árum en sumar aðrar stofur og finnum því minna fyrir því þegar vægi hrunmálanna minnkar.“

Hann segir aðspurður engar sameiningar við aðrar stofur vera í

**LEX er lögmannastofa með það breiðar stoðir að við höfum kannski fundið minna fyrir hruninu á síðustu árum en sumar aðrar stofur og finnum því minna fyrir því þegar vægi hrunmálanna minnkar.**



Örn Gunnarsson, faglegur framkvæmdastjóri Lex

farvatninu. „Menn hafa alveg rætt saman, eins og eðlilegt er, en það hefur engin vinna farið af stað af einhverri alvöru, enda hefur afkoma okkar verið mjög viðunandi. Hins vegar hefur það gerst víðast hvar í heiminum að þegar samfélögin og viðskiptalífið þróast, þá hafa minni stofurnar átt erfiðara með að keppa við þær stærri og orðið hafa til öflugar stofur sem jafnvel hafa sameinast milli landa.

Við erum ekki komin þangað enn þá en fagmennskan hjá stofunum og kröfur viðskiptavinanna hafa vissulega verið að aukast, sem er jákvæð þróun að mínu mati,“ segir hann.

### Samdráttur hjá Mörkinni

Hagnaður Landslaga nam 207 milljónum króna í fyrra og stóð nánast í stað á milli ára. Hins vegar jukust tekjurnar lítillega og námu 744 milljónum króna árið 2016 samanborið við 724 milljónir árið áður.

Lögmannastofan Juris skilaði hagnaði upp á 102 milljónir króna í fyrra borið saman við 116 milljónir árið 2015. Nam samdrátturinn því rúmlega 12 prósentum. Velta stofunnar nam 583 milljónum króna og minnkaði um sex milljónir frá fyrra ári.

**13%**

**var samdráttur samanlagðra tekna sjö af stærstu lögmannastofum landsins í fyrra.**

Hagnaður Markarinnar lögmannastofu dróst saman um 37 prósent í fyrra og nam 128 milljónum króna. Tekjurnar námu 465 milljónum króna árið 2016 og minnkuðu þær um 14,5 prósent á milli ára. Eigendur stofunnar hafa verið áberandi í málum sem tengjast rannsóknum á meintum efnahagsbrotum fyrir hrun, en sem dæmi voru tveir þeirra, hæstaréttarlögmennirnir Gestur Jónsson og Hörður Felix Harðarson, verjendur Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, og Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, í nokkrum málum tengdum hruninu sem sérstakur saksóknari fór fyrir. Nú sér hins vegar fyrir endann á þeim málum.

Hagnaður Advel lögmanna dróst saman um tæplega 37 prósent eða 19 milljónir í fyrra og nam alls 33,2 milljónum króna. Velta lögmannastofunnar var 433 milljónir króna borið saman við 468 milljónir árið áður. Var samdrátturinn þannig um 8 prósent. Einhverjar hreyfingar hafa orðið á eigendahópnum undanfarið, en sem dæmi gengu hæstaréttarlögmennirnir Anton Björn Markússon og Jón Ögmundsson úr hópnum fyrr á árinu og stofnuðu sína eigin stofu, Altus lögmenn.






Margrét Gunnlaugsdóttir hefur starfað hjá Já.is frá árinu 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ARON BRINK

# Heimakær og horfir á Friends með fjölskyldunni

## Svipmynd

**Margrét Gunnlaugsdóttir**

Margrét Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri vöru- og viðskiptaþróunar Já.is, starfaði áður sem rekstrarstjóri í tækniþjónustu Íslandsbanka og sem sviðsstjóri þjónustu- og ráðgjafasviðs Wise. Hún hefur lokið PMD-stjórnendanámi við Háskólann í Reykjavík, viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Margrét situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Ég á erfitt með að nefna eitthvað eitt sem hefur komið mér mikið á óvart en þróun íslenskrar vefverslunar og það sem er að gerast í verslunargeiranum á Íslandi finnst mér svakalega áhugavert. Það hefur sýnt sig að Íslendingar eru duglegir að versla á netinu og það mun bara aukast. Þrátt fyrir að vera á réttri leið þá erum við eftirbátar nágrannaþjóða okkar í innlendri vefverslun. Neytendur eru að keyra þessar breytingar áfram, ef vara er ekki til í innlendri verslun þá sækja þeir hana í erlenda vefverslun.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota Já.is-appið mjög mikið og oft á dag. Appið flettir upp öllum númerum sem hringja í mig og svo finn ég fljótt og örugglega þá sem ég þarf að ná í. Einnig nýti ég mér mjög mikið leiðarvísunina í appinu til að rata á rétta staði en ég er oft vandræðalega áttavillt. Svo finnst mér Leggja-appið algjör snilld. Spotify nota ég einnig mjög mikið sem og Kindle-appið og Issuu til að lesa bækur og tímarit. Þá notum við fjölskyldan töluvert Snapchat til að eiga samskipti okkar á milli, sérstaklega þegar við erum mikið á ferðinni, þá er gaman að geta fylgst með hvað hver er að gera.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Þegar báðir aðilar vinna fulla vinnu og oft rúmlega það, eru það stundirnar með fjölskyldunni sem ég met mest í frístundum. Mér finnst ótrúlega gaman að ferðast með fjölskyldunni og upplifa borgir og nýja staði með krökkunum mínum. Við erum frekar heimakær þess á milli og dettum þá oft í að horfa á þætti eins og Friends en þeir eldast ótrúlega vel og erum við langt komin með að horfa á allar seríurnar aftur með yngri börnunum. Þá finnst mér líka mjög gaman að spila golf og hlakka til að geta varið meiri tíma í það og ná forgjöfinni enn frekar niður.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Ég og maðurinn minn förum í ræktina saman og það eru okkar deit. Við erum miklir sælkerar og maður getur leyft sér meira þegar maður hreyfir sig inn á milli. Þá er ég búin að skrá mig í jóganámskeið núna í haust en það er víst nauðsynlegt að rækta hugann líka þannig að ég einsetti mér það að byrja haustið á því og hlakka til.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég hef einfaldan tónlistarsmekk og er alæta á vinsælasta poppið hverju sinni.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Já, ég myndi segja það. Ég vinn með frábæru og skemmtilegu fólki og í starfinu fæ ég tækifæri til að takast á við nýjar áskoranir í hverri viku. Það er engar tvær vikur eins. Fjölbreytnin er það sem ég elska við þetta starf. Já hefur alltaf lagt mikla áherslu á nýsköpun og mér finnst spennandi að fylgjast með því sem er að gerast í þeim efnum hverju sinni og finna leiðir til að byggja enn betur undir frumkvöðla- og nýsköpunarmenningu í fyrirtækinu.

# Fjármálamarkaðurinn fyrir og eftir ný lög um greiðsluþjónustu



**Friðrik Þór Snorrason**
forstjóri RB

Ný samevrópsk löggjöf um greiðsluþjónustu, PSD2, mun hafa mikil áhrif á fjármálafyrirtæki, verslanir og neytendur. Markmiðið með þessari grein er að skoða hin praktísku áhrif sem löggjöfin mun hafa á markaðinn með tveimur dæmum.

**Nýjar greiðsluráśir**

Í dag eru greiðslukort, debet- eða kreditkort, mest notuðu greiðslumiðlarnir í Evrópu og á Íslandi. Innleiðing þeirra hér á landi á níunda og tíunda áratug síðustu aldar var í raun bylting í greiðslumiðlun sem jók öryggi, skilvirkni og þægindi fyrir neytendur og fyrirtæki. Á liðnum árum hefur gætt nokkurrar gagnrýni á notkun greiðslukorta fyrst og fremst vegna hás kostnaðar við notkun þeirra en enn fremur hafa smásalar gagnrýnt uppgjörstíma. Kostnaðurinn við notkun greiðslukorta er að hluta til tilkominn vegna þess að margir aðilar koma að hverri færslu. Í hvert sinn sem neytandinn borgar með greiðslukorti í verslun er send færslubeiðni í gegnum færsluhirði (t.d. Borgun, Kortaþjónustan eða Valitor), sem er með samning við kortaskema (t.d. Visa eða MasterCard), sem hefur samband við bankann sem gaf út kortið til að fá staðfestingu á að heimild sé til staðar. Ef neytandinn á til nægja fjármuni er færslan heimiluð og greiðsla send til færsluhirðisins, sem gerir svo upp við kaupmanninn.

Með tilkomu PSD2 löggjafarinnar munu ný tækifæri opnast fyrir smágreiðslumiðlun sem eru mjög frábrugðnar þeim greiðsluráśum sem greiðslukortin styðjast við. Þannig gæti banki þróað sitt eigið greiðsluapp, sem væri beintengt innlánareikningi neytandans og hægt væri að nota til að greiða með í verslun á hefðbundnum posa. Þegar slík færsla væri send væri henni ekki miðlað í gegnum færsluhirði eða kortaskemun sem gæti gert þessa nýju greiðsluráś hagkvæmari.



Ný löggjöf um greiðsluþjónustu mun hafa mikil áhrif á bankana.

**PSD2 í hnotskurn**

- Skilgreinir tvo nýja leikendur í greiðsluþjónustu:
  - Greiðsluvirkjendur sem mega framkvæma greiðslur beint af innlánareikningum banka.
  - Upplýsingaþjónustuveitendur sem mega safna saman fjárhagsupplýsingum beint af innlánareikningum banka.
- Enginn samningur þarf að vera til staðar á milli bankans og þjónustuaðilans.
- Samþykki viðskiptavinarins dugar.
- Engin viðbótargjöld má innheimta af þjónustuveitandanum né viðskiptavini bankans.
- Bankar skulu veita aðgengið í gegnum opin stöðluð þjónustuskil.
- Starfsréttindi í einu ríki innan EES veita réttindi til að bjóða þjónustu í öllum EES-löndum.

**Heildarmynd á fjármálin**

Eftir að PSD2 löggjöfin hefur verið innleidd mun líf neytandans einfaldast. Sprotafyrirtæki, sem hefur aflað sér réttinda sem upplýsingaþjónustuveitandi, gæti þá búið til nýjan netbanka eða app þar sem allar fjárhagsupplýsingar einstaklings er að finna á einum stað sem skapar betri yfirsýn.

Það er nokkuð ljóst að nýi netbanki sprotafyrirtækisins mun ekki einungis birta heildarmynd yfir fjármál einstaklingsins, heldur má gera ráð fyrir því að í nýja netbankanum verði einstaklingnum einnig boðið upp á ýmsa virðisaukandi þjónustu, svo sem fjárhagsspár, greiðslumat, áhugaverðar sparnaðarleiðir frá þriðja aðila, o.s.frv. Ef sprotafyrirtækið aflar sér einnig réttinda sem greiðsluvirkjandi þá mun einstaklingurinn einnig geta framkvæmt millifærslur í nýja netbankanum og hefði því sáralitla ástæðu til að nota netbanka bankanna. Hættan fyrir hefðbundna banka er því að fjarlægð þeirra frá viðskiptavininum muni aukast og að nýr ótengdur aðili muni í raun stýra viðskiptasambandi þeirra við neytendur. Í slíkri samkeppni gætu þó bankar einnig nýtt sér PSD2 og aflað sér réttinda sem upplýsingaþjónustuveitandi eða greiðsluvirkjandi.

Í næsta pistli verður fjallað um hvaða fyrirtæki eru líkleg til að nota PSD2 tilskipunina sem stökkpall inn á fjármálamarkaðinn.

# Verðmæti og árangur í NBA



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka.

Skilar bættur árangur meiri tekjumöguleikum? Eða er kannski líklegra að þau lið sem bestan árangur sýna fjárhagslega standi sig þar af leiðandi betur á vellinum? Hvort sem eggið eða hænan kemur á undan er jákvætt samband á milli árangurs og aukningar í verðmæti liðanna í bandarísku NBA deildinni.

**Meistararnir í sérflokki**

Tímaritið Forbes áætlar árlega verðmæti NBA liðanna 30. Undanfarinn áratug hefur virði félaganna aukist að meðaltali um 282% en gæðunum hefur þó verið talsvert misskipt. Vegna efnahagsástandsins í Detroit þarf ekki að koma á óvart að Pistons rekur lestina (110% vöxtur) á meðan langmestur uppgangur hefur verið hjá meisturum Golden State Warriors (874%).

**Ólík staða NYK og San Antonio**

Ef við berum þennan vöxt saman við vinningshlutfall í deildarkeppninni á sama tímabili kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Almennt virðast þessar tvær breytur haldast í hendur, en áberandi undantekningar er þó að finna. Hvers vegna ætli lærisveinar Gregg Popovich í San Antonio Spurs (70% sigurhlutfall, 201% aukning í verðmæti) hafi náð mun betri árangri en fjármálin gefa tilefni til að áætla á meðan New York liðin Knicks (41% og 457%) og Nets (37% og 454%) hafa staðið sig svo áberandi illa?




Step Curry og LeBron James á vellinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Þrátt fyrir að San Antonio borg hafi vaxið hraðast allra stórborga Bandaríkjanna á fyrsta áratug aldarinnar jókst áætlað verðmæti stuðningsmanna í New York þrefalt meira. Sömu sögu er að segja af verðmæti vörumerkja Nets og Knicks, sem vaxið hafa fimmfalt á meðan Spurs hafa tæplega þrefaldast.

**Jöfnuðurinn dugar ekki til**

Launaþak NBA-deildarinnar og fyrirkomulag nýliðavalsins eiga að tryggja sem jafnasta möguleika og eru liður í samtryggingu eigenda liðanna 30, sem í sameiningu eiga deildina. Ekki er um neina Meistaradeildarpeninga að ræða eins og í fótboltanum og enginn beinn fjárhagslegur ávinningur fylgir árangri í deildarkeppni. Samt sem áður virðist sem árangur innan vallar og utan haldist að einhverju leyti í hendur og sennilega má leita einföldustu skýringar í því að fleiri vilji styðja lið sem vel gengur, nema San Antonio.


EFTIR ÞÍNU SNIÐI
Styrkleiki okkar er sérsniðnar fyrirtækjalausnir sem henta þér og þínum.
Hvort sem þig vantar bíl í langtímaleigu eða til skemmri tíma
sérhönnum við okkar þjónustu eftir þínum þörfum.
Við finnum bestu lausnina.
avis.is – avis@avis.is
591 4000
AVIS®
Bílaleiga

# Skotsilfur

## Ekki til Kviku



Tilkynnt var á dögunum um að Kvika banki hefði undirritað samning um kaup á öllu hlutafé í Öldu sjóðum en heildareignir í stýringu Öldu nema um 45 milljörðum króna. Framkvæmdastjóri Öldu er **Þórarinn Sveinsson**, sem var meðal annars framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Kaupþings banka á árunum 2003 til 2008, en hann hefur stýrt sjóðastýringarfélaginu allt frá árinu 2009. Kaup Kviku á Öldu eru enn ekki endanlega frágengin en fyrir liggur hins vegar að Þórarinn mun ekki koma yfir til bankans við samruna félaganna.

## Aum réttlæting



Í afkomutilkynningu Arion banka vegna fyrstu sex mánaða ársins reynir bankinn að réttlæta fjárfestingu sína í kísilveri United Silicon í Helguvík með vísan til meðal annars þess að „stjórnvöld og sveitarfélagið voru áfram um framkvæmdina“. Þessi réttlæting vekur furðu. Þegar **Höskuldur H. Ólafsson** og aðrir stjórnendur bankans leggja mat á mögulegar fjárfestingar hljóta þeir að horfa til þess hvort þær séu líklegar til þess að skila arðsemi. Það ætti ekki að skipta bankann máli hvað Árna Sigfússyni eða öðrum sveitarstjórnarmönnum í Reykjanesbæ finnst um framkvæmdina. Þeir hefðu enda tekið öllum framkvæmdum, sama hversu arðbærar þær væru, fegins hendi.

## Leitar til Logos



Forstjóri Brims, **Guðmundur Kristjánsson**, vandar lögmanni Glitnis HoldCo ekki kveðjurnar. Hann sakar lögmanninn um að hafa í hótunum við fyrrverandi starfsmann Brims og hefur kvartað til úrskurðarnefndar lögmanna vegna framgöngu hans. Lögmaðurinn, Ólafur Eiríksson, er meðeigandi á Logos. Það er líka Gunnar Sturluson, sem gætir einmitt hagsmuna Brims í málaferlum félagsins gegn Vinnslustöðinni. Á sama tíma og Guðmundur sakar meðeiganda Logos um hótanir er annar meðeigandi hjá sömu stofu að starfa fyrir hann.

# Lego segir upp 1.400 starfsmönnum




Jørgen Vig Knudstorp, stjórnarformaður danska leikfangaframleiðandans Lego, tilkynnti í gær að félagið hefði í hyggju að fækka störfum um 1.400. Mun starfsmönnum Lego þannig fækka um átta prósent. Knudstorp sagði uppsagnirnar nauðsynlegar til þess að bregðast við tekjusamdrætti, en tekjur Lego drógust saman um fimm prósent á fyrstu sex mánuðum ársins. Alls starfa 18 þúsund manns hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hringskýring Seðlabankans



**Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða hjá GAMMA**

Reynsla okkar Íslendinga af svokölluðum vaxtamunarviðskiptum á árunum 2004 til 2008 rennur seint úr minni. Erlent fjármagn streymdi hér í skammtímafjárfestingar í vöxtum í gríðarlegu magni og var ein af meginástæðunum fyrir því mikla ójafnvægi sem myndaðist í íslenska hagkerfinu á þeim árum. Sumarið 2015 byrjuðu erlendir aðilar að fjárfesta á ný í íslenskum vöxtum, nær eingöngu í langtíma ríkisskuldabréfum og voru að tilstuðlan Seðlabankans sett lög sem heimila bankanum að virkja svokallað „fjárstreymistæki“, eins og innflæðihöftin eru oft kölluð. Slík höft eru sett á þótt tímalengd þeirra fjárfestinga seinustu ár hafi verið um 4-5 sinnum lengri að jafnaði en tíðkaðist fyrir hrun og hlutfall af veltu á skuldabréfamarkaði einungis 3 prósent. Útfærsla haftanna kveður á um að 40 prósent af innflæði skuli vera bundin til eins árs á vaxtalausum reikningi, óháð hvort um sé að ræða skammtíma víxla eða langtíma fjármögnun til fyrirtækja eða fjárfestinga í íslensku atvinnulífi. Áhrifin hafa verið þau að erlend fjárfesting í skuldabréfum er næstum horfin.

Ein helstu rök bankans fyrir innflæðishöftunum voru þau að fjárfestingar erlendra aðila í langtímaskuldabréfum trufluðu miðlun peningastefnunnar með því að lækka óeðlilega verðbólguálag á skuldabréfamarkaði. Það hefur einfaldlega reynst röng eftiráskýring – verðbólguspá Seðlabankans á árunum 2015-16 reyndist alltof há, en bankinn spáði þá um 4 prósent verðbólgu á sama tíma og markaðurinn spáði 3 prósentum til næstu ára að meðaltali. Raunveruleikinn var svo sá að markaðurinn spáði mun nær raunverulegri verðbólgu sem var á bilinu 1,5-2,0 prósent ári síðar.

Nú þegar höftum hefur verið aflétt koma afleiðingar innflæðishaftanna æ skýrar í ljós þegar fjármagn streymir út úr hagkerfinu á sama tíma og innflæði að utan er nær frosið. Frá því að innflæðishöftin voru sett á hefur vaxtaálag á virkustu útgáfu Reita til 2044, nærri þrefaldast, álag á sértryggð skuldabréf bankanna, sem stýra húsnæðisvöxtum, hefur hækkað og grunnvextir ríkisbréfa til 2-3 ára eru umtalsvert yfir innlánakjörum bankanna þótt markaðsaðilar og greinendur geri að meðaltali ráð fyrir að vextir muni lækka lítillega horft fram á veginn. Tilkoma innflæðishafta er því að hækka vaxtaálagið á ríki, fyrirtæki og heimili.

Ummæli Seðlabankastjóra í lok júlí á fréttaveitunni Bloomberg um vænt skammlífi innflæðishaftanna gáfu vonir um endalok þessarar óheillaþróunar. Sú von varði þó ekki lengi því yfirlýsing Seðlabankastjóra eftir vaxtaákvörðun í lok ágúst var á annan veg. Þar segir að höftin verði ekki afnumin fyrr en langtíma vaxtamunur muni minnka, eða orðrétt að „ef núverandi spár rætast ætti að verða framhald á þeirri þróun [þ.e. lækkun langtímavaxtamunar] á næstu misserum og forsendur þess að draga úr notkun tækisins ættu þá að batna enn frekar“.

Eftir níu ár í höftum beina innlendir aðilar nú fjármagni sínu í talsverðum mæli erlendis á sama tíma og stíf höft eru á stærstum hluta fjárfestinga erlendra aðila. Afleiðingin er að krónan veikist, verðbólguvæntingar hækka og langtímavextir samhliða. Hvernig seðlabankastjóri getur spáð lækkandi langtímavaxtamun við útlönd við slíkar aðstæður vekur furðu og hlýtur að byggjast á spám um hratt lækkandi langtímavexti erlendis. Ef slíkar spár væru marktækar væri sannarlega búið að finna upp gullgerðarvélina á fjármálamörkuðum enda engar vísbendingar um að spár greiningaraðila séu marktækt betri en spár fjármálamarkaða á hverjum tíma. Enda eru þær spár sem seðlabankastjóri vísar í, þvert á þróun á erlendum skuldabréfamörkuðum hvar langtímavextir okkar stærstu viðskiptalanda, svo sem Bretlands, Bandaríkjanna og Þýskalands, hafa verið að lækka um 0,1-0,2 prósent undanfarna mánuði á sama tíma og þeir hafa snarhækkað hér. Skilyrði Seðlabankans fyrir afnámi hinna skaðlegu innflæðishafta bíta því í skottið á sér og flokkast einfaldlega undir „hringskýringar“.

# „Lagom“ með smá af „hygge“ og stóru „húh-i



**Guðrún Högnadóttir** framkvæmdastjóri FranklinCovery, og FKA-félagskona.

Alveg hreint svakalega er oft erfitt að koma sér aftur í vinnugírinn eftir gott sumar. Stefnan virðist sködd, markmiðin óyfirstíganleg, stemningin enn föst í minningum um grískar eyjar – og gömlu verkefnin bíða í bunkum (sem var reyndar mjög vel raðað hornrétt á skrifborðið korter í frí).

Haustið skartar nýrri litapallettu: fólk fer á flakk í nýjar stöður, nýr taktur kemst í sölur og samruna, við vöknum upp við gjörbreytt landslag í mörgum atvinnugreinum, og það er ekki lengur í tísku að „hygge sig“ að hætti Dana – heldur eigum við nú að spegla okkur í lífsspeki Svía og finna hinn gullna „lagom“ meðalveg í öllu – ekki of mikið/ekki of lítið – bara akkúrat passlegt.

Hvernig laumum við „lagom“ jafnvægi í metnaðarfullar kröfur samtímans? Hvernig myndir þú koma þér í startholurnar ef verkefnið þitt væri ekki eingöngu að ná fjárhagsáætlun í lógaritmískum launahækkunum, heldur að útrýma fátækt og berjast gegn ójöfnuði í heiminum? Eða í stað þess að koma nýrri vöru á markað væri verkefnið að tryggja heilbrigt líferni, þekkingu og þátttöku kvenna og barna um heim allan. Hvað ef verkefni þitt í haust væri ekki að blása lífi í samfélagsmiðlasókn ykkar heldur væri ábyrgð þín að hvetja til hnattrænnar samstöðu um sjálfbæra þróun. Þetta er hluti af verkefnabunka Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til 2030 – versogú. Og þér fannst þinn verkefnalisti voldugur. Reyndar eru Þúsaldarmarkmiðin verkefni okkar allra. Og Ban blessaður kominn á eftirlaun.

Þegar áskorunin er sem mest verðum við að hugsa öðruvísi. Við getum ekki hamast hraðar eða lengur með aðferðum sem leysa ekki vandann. Ef þú átt bara hamar líta öll vandamál út eins og nagli sagði Maslow. Við getum ekki lengur talað okkur í kaf á þingi eða ferlað út í hið óendanlega eða skellt nefndum á allt sem hreyfist. Veruleikinn kallar á glænýja hugsun.

Hvernig væri að taka „Skandínavann“ á þetta og finna sköpunargleði í sátt – búa til lausnir á göngu undir berum himni en ekki í loftlausum fundarherbergjum? Hvernig væri að fá hugljómun um lausn krefjandi vandamáls í leikhúsinu eða við lestur góðrar bókar, en ekki á orkusogandi samfélagsmiðlum? Hættum að leita að nýjum svörum í „minnis-loopu“ eigin hugsana eða í sama afmarkaða hópi alltof líkra einstaklinga og fáum hugmyndir í samtölum í raunheimum við einhvern sem er algjör andstaða okkar. Höfum kjarkinn til að virkilega hugsa um hag heildarinnar, sleppum því að þurfa stöðugt að trompa nágrannann – og verum stolt af því að vinna vel en ekki of mikið! Húh!

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára lesa
Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup apr.-jún. 2017.




Allt sem þú þarft ...

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Hugsum til lengri tíma

**Athyglisvert** er að velta fyrir sér þeirri breytingu sem verður á þjóðfélagsumræðunni eftir því hvernig heilsufari krónunnar er háttað. Þegar krónan er veik, eins og á árunum rétt eftir hrun, kvarta starfstéttir á borð við lækna yfir bágum kjörum og benda á að nánast hvergi á byggðu bóli þekkist jafn slæm kjör fyrir hámenntað starfsfólk. Læknarnir streyma úr landi og sögur heyrast af heilbrigðisstarfsfólki sem vinnur fyrir sér aðra hverja viku í Noregi og lifir þess á milli í vellystingum praktuglega á Íslandi.

**Þegar krónan** er veik heyrist hins vegar ekki múkk í talsmönnum útflutningsgreina á borð við sjávarútveginn. Þeir halda niðri í sér andanum og vona að enginn taki eftir því að framlegðin bólgnar vegna lágs framleiðslukostnaðar (í evrum talið) og hás afurðaverðs (í krónum talið).

**Þegar krónan** síðan styrkist er þessu öfugt farið. Ekkert heyrist frá læknunum sem þessa dagana virðast helst leggja áherslu á að tjalda á öræfum og vinna ýmiss konar sigra uppi um fjöll og firnindi. Læknastéttin virðist meira að segja hafa tekið sér frí frá kjarabaráttu en berst þess í stað, og réttilega finnst stjórnarmanninum, gegn virkjunum á hálendinu. Engum lækni dettur í hug að skreppa til Noregs í svo mikið sem helgarferð.

**Á meðan bera útgerðarmenn** sig aumlega. Telja sig eiga þann eina kost að loka framleiðslustöðvum hér á landi, enda launakostnaðurinn þá lifandi að sliga.

**Nú á allra síðustu misserum** hefur ferðaþjónustan tekið undir með útgerðarmönnunum. Ísland er einfaldlega orðið of dýrt fyrir ferðamenn, og tímaspursmál er hvenær þeir einfaldlega hætta að koma til landsins. Margir eru meira að segja farnir að hvísla um að annað hrun sé á leiðinni, slík sé offjárfestingin í ferðaþjónustunni.

**Allt of sjaldan** örlar þó á heildrænni langtímahugsun hjá þessum hópum, sem eru fullir af vel menntuðu, kláru og útsjónarsömu fólki. Auðvitað er það örgjaldmiðillinn krónan sem er rót vandans. Ef allir myndu hætta að horfa í gaupnir sér og líta þess í stað til lengri tíma, er augljóst svar við vandamálum þessara hópa. Skipta krónunni út fyrir evru og ganga helst í Evrópusambandið í leiðinni.

UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Þóra efnahagsráðgjafi GAMMA



Þóra Helgadóttir Frost hefur gengið til liðs við GAMMA Capital Management í London og mun starfa sem efnahagsráðgjafi hjá félaginu. Þóra situr í fjármálaráði og er þar skipuð af Alþingi og starfaði áður sem hagfræðingur hjá breska Fjármálaráðinu (Office for Budget Responsibility). Þóra lauk BS-prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2003 og MS-prófi í hagfræði frá University College London árið 2005.

„Það er ánægjulegt að fá Þóru, með alla sína þekkingu og reynslu, til starfa fyrir GAMMA í London. Starfsemi GAMMA hefur vaxið jafnt og þétt í borginni frá því að við opnuðum skrifstofu 2015. GAMMA sinnir víðtækum ráðgjafarstörfum fyrir bæði innlenda og erlenda fjárfesta og hefur á síðustu árum gefið út ítarlegar rannsóknarskýrslur um efnahagsmál og önnur samfélagsmál, bæði á íslensku og ensku,“ segir Gísli Hauksson, stjórnarformaður GAMMA og forstjóri GAMMA í London.

**Ég efast reyndar um að fyrirtækin geti staðið undir annarri svona launahækkunarlotu. Ég held að þessi mikla raungengishækkun undanfarið og versnandi samkeppnisstaða þýði að þau hafi ekkert svigrúm til þess.**



Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands




# Stilling

# Varahlutir í bílinn

**Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu**










*Rafgeymar*

*Smursíur*

*Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar*

*Demparar, gormar og stýrisendar*



*Kúplingar*



*Tímareimar og vatnsdælur*




*Hemlahlutir*




Stilling

*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar J. Björnson**

flugvirki,
Garðatorgi 17, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ hinn 1. september. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 11. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Björgunarsveit Hafnarfjarðar, kt. 410200-3170, banki 544-26-2620.

**Helga Gestsdóttir**
**Jóhann Gunnarsson** — **Herdís Hermannsdóttir**
**Gestur Gunnarsson** — **Helga Skúladóttir**
**Elísabet Gunnarsdóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir** — **Einar Sigurður Björnsson**
**Dagmar Gunnarsdóttir** — **Jóhann Áki Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Útför ástkærs eiginmanns míns,
föður og afa,

**Björgvins Hofs Gunnarssonar**

Veghúsum 31, Reykjavík,

sem lést þann 24. ágúst sl.
verður gerð frá Grafarvogskirkju,
mánudaginn 18. september kl. 15.00.

**Borghildur H. Flórentsdóttir**
**G. Sandra Björgvinsdóttir** — **Geir Bjarnþórsson**
**Árni Hjálmarsson** — **Marie Godén**
**Hulda Hafsteinsdóttir** — **Daníel G. Gunnarsson**
**Alfreð Hafsteinsson** — **Guðrún Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórarinn Ingi Jónsson**

skrúðgarðyrkjumeistari,
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 29. ágúst. Útförin fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 7. september klukkan 15.00.

**Smári Þórarinsson**
**Rósa Þórarinsdóttir** — **Magnús Andrésson**
**Kristinn Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn,
pabbi okkar, tengdafaðir og afi,

**Karl Herbert Haraldsson**

Vanabyggð 6c, Akureyri,

lést 31. ágúst.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 8. september kl. 13.30.

**Steingerður Zóphoníasdóttir**
**Freydís Karlsdóttir** — **Atli Hergeirsson**
**Helena Hafþórsdóttir** — **Knut Kittil Lindheim**
**Erla Karlsdóttir** — **Árni Björn Gestsson**
**Júlía Karlsdóttir**
**Fannar Karl, Hera Dís, Hildur Ninna og Depill Örn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Bryndís Bjarnason**

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut 30. ágúst sl., verður jarðsungin í Garðakirkju fimmtudaginn 7. september. Athöfnin hefst kl. 13.00.

**Pétur Bjarnason** — **Herdís S. Gunnlaugsdóttir**
**Elísabet Bjarnason** — **Ingi Bjarnar Guðmundsson**
**Bryndís Bjarnason** — **Þórður Jóakim Skúlason**
**Hildur Bjarnason** — **Ómar Halldórsson**
**Hörður Bjarnason** — **Hrönn Benediktsdóttir**
**Garðar Sverrisson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

## Draumurinn að halda áfram í óperusöng

Brynhildur Þóra Þórsdóttir heldur sína fyrstu einsöngstónleika í Seltjarnarneskirkju í kvöld klukkan 20. Hún syngur verk eftir Strauss, Tsjajkovskí og Schubert og kveðst líka ætla að lauma tveimur rússneskum aríum inn. „Meðleikarinn minn síðasta vetur var rússnesk kona og það kom mér á óvart hvað bæði tónlist og textar frá Rússlandi fóru vel í mig, svo ég ætla að spreyta mig á rússneskunni,“ segir hún. Hún bætir við að Helga Bryndís Magnúsdóttir, meðleikari hennar núna, hafi verið til í slaginn og gaman sé að vinna með henni.

Söngur og tónlist hafa fylgt Brynhildi frá unga aldri. Hún spilaði á selló í Tónlistarskóla Kópavogs til tvítugs, var líka í kór Kársnesskóla sem barn, færði sig í Gradualekórinn og lauk námi frá Söngskólanum í Reykjavík um leið og stúdentsprófi frá Kvennó. Eftir BA-nám í söng í Bandaríkjunum færði hún sig til Þýskalands og hefur stundað þar framhaldsnám sem hún stefnir á að ljúka næsta sumar. „Draumurinn er að halda áfram í óperusöng og fá einhvers staðar vinnu.“ **– gun**



**Rödd Brynhildar Þóru mun hljóma í Seltjarnarneskirkju í kvöld við meðleik Helgu Bryndísar Magnúsdóttur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Við viljum þakka auðsýnda samúð og vinarhug sem okkur var sýndur við andlát ástkærs eiginmanns míns og föður okkar,

**Pálmars Þorsteinssonar**

Þúfubarði 10,
Hafnarfirði.

**Helga Jóna Guðjónsdóttir**
**og börn.**



Elsku faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sveinbjörn Þór Einarsson**

myndlistarmaður,

lést 30. ágúst. Útför hans fer fram frá
Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn
7. september kl. 13.

**Elín Helga Sveinbjörnsdóttir** — **Hilmar Björnsson**
**Sveinbjörn Óli Sveinbjörnsson**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín Hrefna Kristjánsdóttir**

sjúkraliði,
Jötunsölum 2, Kópavogi,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans
3. september.

**Guðlaug Ragnarsdóttir** — **Birgir Bjarnason**
**Kristján Hjálmar Ragnarsson** — **Kristjana Una Gunnarsdóttir**
**Sigríður Ragnarsdóttir** — **Trausti Gylfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hulda Brynjúlfsdóttir**

frá Gaulverjabæ,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 24. ágúst síðastliðinn. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 7. september kl. 15.00.

**Guðlaug Guðmundsdóttir**
**Andrjes Guðmundsson** — **Rannveig Fannberg**
**Bryndís Guðmundsdóttir** — **Bjarni Heiðar Geirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Halldóra Katrín Guðjónsdóttir**

Sléttuvegi 31, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans 30. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram föstudaginn 8. september kl. 15.00 frá Kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík, Háteigsvegi 56.

**Katrín Úrsúla Harðardóttir** — **Adolf Ársæll Gunnsteinss.**
— **Guðni B. Guðnason**
**G. Svafa Harðardóttir**
**Þórhallur Guðjón Harðarson** — **Brynja Björk Rögnvaldsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Þór Jónsson**

Háaleitisbraut 34,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
29. ágúst. Útförin fer fram frá
Grensáskirkju föstudaginn
8. september kl. 13.

**Helga Karólína Magnúsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** — **Björn K. Magnússon**
**Berglind Jónsdóttir** — **Kristinn Guðnason**
**Þórey Jónsdóttir** — **Ásgeir Ragnarsson**
**Jón Þór Jónsson** — **Hanne Skoge**
**afa- og langafabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**Gunnar Bernhard**

forstjóri,
Langholtsvegi 78,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
2. september. Útför hans fer fram frá
Langholtskirkju föstudaginn 8. september kl. 15.00.

**Ragna G. Gould** — **Richard Gould**
**G. Geir Gunnarsson** — **Ingibjörg Snorradóttir**
**Gylfi Gunnarsson** — **Dóra Bjarnadóttir**
**Edda Gunnarsdóttir** — **Sveinn Ásgeir Baldursson**
**Gunnar Gunnarsson** — **Bergljót Ylfa Pétursdóttir**
**og fjölskyldur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

tl.is

# ALDREI AFTUR BLEKHYLKI !




**34.995**

EPSON ecotank™

EPS-ET2650

## PRENTAÐU MEIRA OG BORGAÐU MINNA

Nýr EcoTank prentari frá Epson sem stórlækkar rekstrarkostnað heimilisprentarans. Blek fylgir sem dugar í allt að 2 ár eða sem nemur 20 settum af algengum blekhylkjum eða sem nemur prentun á allt að 4.000 blaðsíðum. Þráðlaus prentari sem einnig skannar og ljósritar.

**BYLTING Í HAGKVÆMNI HEIMILISPRENTARANS**
Lykillinn að hagkvæmni EcoTank liggur í stórum blektönkum í stað minni og kostnaðarsamari blekhylkja.

**20 SETT AF BLEKHYLKJUM**
Blekið sem fylgir prentaranum jafngildir 20 settum af algengum blekhylkjum í magni og dugar flestum heimilum í allt að 2 ár.

**4.000 BLAÐSÍÐUR ÁN ÞESS AÐ SKIPTA UM BLEK**
Risastór áfylling fylgir prentaranum fyrir prentun á allt að 4.000 blaðsíðum í svörtu og 6.500 í lit eftir þekju.

**ÁHYGGJULAUS PRENTUN**
Í hefðbundnum prenturum klárast blekhylkin oft á versta tíma með tilheyrandi óþægindum. Með EcoTank prentar þú þúsundir af blaðsíðum áður en kemur að áfyllingu.

**TAKMARKAÐ MAGN AF EcoTank Á ÞESSU KYNNINGARVERÐI Í NÆSTU VERSLUN TÖLVULISTANS**

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26

AKUREYRI
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR
HAFNARGÖTU 90

SELFOSS
AUSTURVEGI 34

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1

FRÉTTABLAÐIÐ

# MENNING


Calvin Klein home · BOSS HUGO BOSS · KENZO PARIS MAISON



RÚMFÖT, BAÐSLOPPAR OG HANDKLÆÐI

Vorum að taka upp nýja sendingu af spennandi vörum frá Calvin Klein, Boss og Kenzo.

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 · DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 · SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Vissir þú að...

Barnaheill Save the Children á Íslandi

holl og góð fæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á




„Eitt af því sem erlendu gestunum þykir skemmtilegt er Bókaballið í Iðnó á laugardagskvöld," segir Stella. MYND/AUÐUNN

## Fótbolti og saga Rómaveldis

**Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík verður sett í dag og stendur út vikuna. Hún hófst þó í gær og norður á Akureyri var Stella Soffía Jóhannsdóttir, stjórnandi hátíðarinnar, stödd.**


Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




Nú er allt að gerast. Fyrsta viðburði hátíðarinnar var að ljúka á Akureyri," segir glaðleg rödd Stellu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra bókmenntahátíðarinnar, í gegnum síma. „Hér er spennandi dagskrá sem Menningarfélag Akureyrar stendur fyrir. Það hefur stefnt saman langt að komnum höfundum og heimamönnum, bæði höfundum og lesendum. Svo er spjallað á sviðinu. Erlendu rithöfundarnir, þær Anne-Cathrine Riebnitzsky, höfundur bókarinnar Stormarnir og stillan sem er að koma út hjá Forlaginu, og Esmeralda Santiago sem gefur út hjá Sölku, eru heppnar að hafa komið hingað. Þetta er góð upplifun," segir Stella sem hlakkaði til að hlusta á Stefán Pálsson tala við krikkethöfundana í gærkvöldi, eftir flug suður. „Það verður örugglega mjög áhugavert því yrkisefni höfundanna eru margvísleg; bæði fótbolti og saga Rómaveldis."

Stella hefur starfað fyrir bókmenntahátíðina síðan 2009 og stjórnað henni síðustu árin. Tengsl bókmennta/skáldskapar og samfélags er þemað í ár, enda segir Stella kappkostað að hátíðin höfði til lesenda. „Við erum með höfunda á öllum aldri, skoðum hverjir hafa verið að gefa út spennandi bækur, eða eru með þær á prjónunum. Margir erlendu höfundanna eru að koma út í íslenskum þýðingum eða hafa komið nýlega út," segir hún og nefnir Han Kang, Eka Kurniawan og Christine De Luca. „Þeir íslensku eru líka að gefa út, Bubbi er til dæmis með ljóðabók og bæði Jón Kalman og Kristín Eiríksdóttir með skáldsögur. Kristín er þátttakandi í mjög spennandi dagskrá á föstudagskvöldið ásamt Han Kang og Aase Berg, um holdið og valdið."

Viðburðir hátíðarinnar í borginni eru í Iðnó og Norræna húsinu. Þar segir Stella jafnan góða stemningu. „Svo er líka streymi, þannig að fólk getur fylgst með beint þó það eigi ekki heimangengt. Eitt af því sem erlendu gestunum þykir skemmtilegt er Bókaballið í Iðnó á laugardagskvöld. Við sendum alla þátttakendur á það og svo er það opið öllum eins og aðrir viðburðir hátíðarinnar. Hljómsveitin Royal er ekta ballhljómsveit þannig að það verður stuð."

> **GÓÐIR ÞÝÐENDUR ERU EINS OG SENDIHERRAR ÍSLENSKRA BÓKMENNTA ÚTI Í HEIMI OG ÞAÐ ER GAMAN AÐ GETA KLAPPAÐ ÞEIM Á BAKIÐ.**

Hátíðinni lýkur á sunnudag með dagskrá í Veröld, húsi Vigdísar, sem er helguð þýðendum úr íslensku yfir á önnur mál. „Á föstudaginn afhendum við heiðursverðlaunin Orðstír sem voru fyrst veitt fyrir tveimur árum og verðlaunahafarnir taka þátt í dagskránni á sunnudag, ásamt fleiri þýðendum og rithöfundum. Góðir þýðendur eru eins og sendiherrar íslenskra bókmennta úti í heimi og það er gaman að geta klappað þeim á bakið," lýsir Stella. „Þessi stund virkar eins og brú milli bókmenntahátíðarinnar og þýðendaþingsins sem hefst á mánudaginn. Margir þýðendur mæta á hvort tveggja, þeir eru líka að hitta höfundinn sinn og njóta þessara daga."

Spurð í lokin hvort hún sofi eitthvað þessa sólarhringana svarar Stella því að hún hafi vaknað klukkan fimm síðustu þrjár vikurnar en álagið sé þess virði því hátíðin sé svo skemmtileg. „Þetta er törn en henni lýkur og hún hefst svo aftur að ári liðnu þegar við byrjum að undirbúa næstu bókmenntahátíð, sem verður 2019."

# BÓKA MARKAÐUR á Fiskislóð 39

Gjöf fyrir alla sem mæta

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19




Opnar í dag

Allt að 90% afsláttur

Yfir 4500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Tilboð 99 kr.







690 kr.




990 kr.




690 kr.




80%

100 stk. á 1.490 kr.




990 kr.




490 kr.




Prjónapakki 1.490 kr.




990 kr.




1.490 kr.




Spennupakki 590 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðvestan kaldi norðaustantil í dag og rigning en hægari vindur sunnan- og vestanlands og léttir til. Hiti 7 til 15 stig, hlýjast suðvestanlands, en lægir og kólnar víða norðan til með kvöldinu.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ← 3 | 5° ← 2 | 6° ↓ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° ↙ 2 | 8° ← 5 | 6° ↙ 3 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° ↘ 2 | 6° ↖ 3 | 5° ↘ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° ↓ 6 | 11° ← 2 | 5° ↙ 7 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | 2 | | | | 1 | 5 | | |
| 7 | | 4 | 5 | 9 | | | | |
| | | 5 | 1 | | 8 | 4 | | |
| 2 | | 1 | | | | | | 7 |
| 6 | 3 | 8 | | | 2 | 1 | | |
| | 9 | | | | | | 6 | |
| | 6 | 7 | | | | 8 | | |
| | | | 6 | | 4 | 2 | 9 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 8 | | | | | | 5 |
| | | 3 | 6 | | | | 8 | |
| 4 | 6 | | 3 | | 8 | | | 1 |
| | 9 | | 8 | 6 | | | | |
| 3 | 4 | 7 | 1 | | 5 | | | |
| 1 | | | 2 | | | 5 | | |
| 6 | | | | | | 2 | | |
| | | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | | |
| | | 4 | | | | | 1 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | 2 | | | | 8 | 4 |
| | | 6 | 5 | | | | 3 | 2 |
| 2 | | | 8 | | | | | |
| 5 | | 3 | | 1 | | | | |
| | 1 | | | | | 9 | | |
| 8 | | 2 | | | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | | | 5 | |
| 7 | | | | 5 | | | | |
| | 2 | | | | 3 | 7 | | 9 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. glansa
6. rómversk tala
8. illæri
9. gums
11. í röð
12. gafl
14. gróðabrall
16. skóli
17. sauðaþari
18. umfram
20. aðgæta
21. snudda

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. kusk
4. verkfæri
5. tímabils
7. gulerta
10. samstæða
13. framkoma
15. skarpur
16. blaður
19. kvað



**LÁRÉTT:** 2. gljá, 6. lm, 8. óár, 9. lap, 11. rs, 12. stafn, 14. brask, 16. ma, 17. söl, 18. auk, 20. gá, 21. snuð.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. ló, 4. járnsög, 5. árs, 7. matbaun, 10. par, 13. fas, 15. klár, 16. mas, 19. ku.

## Skák Gunnar Björnsson

Viktor Erdos (2.628) átti leik gegn Amin Bassem (2.680) á Heimsbikarmótinu í skák í Tbilisi í Georgíu. Bassem lék síðast 67. ... a3??
**68. Hxa3! Hh3+ 69. Ke4! Hxa3 ½-½.** Í dag hefst önnur umferð Heimsbikarmótsins (64 manna úrslit). Í gær hófst EM ungmenna í Rúmeníu. Sex íslenskir fulltrúar taka þátt. Í kvöld hefst svo Haustmót TR.
**www.skak.is:** Heimsbikarmótið.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| ONCE UPON A TIME IN VENICE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 - 10:30 | 9 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 6:30 - 8 - 9 - 10:30 | 16 |
| HITMAN'S BODYGUARD VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AMERICAN MADE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 9 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| UNDIR TRÉNU | KL. 8 - 10:05 | 12 |
| AMERICAN MADE | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 9 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| ONCE UPON A TIME IN VENICE | KL. 10:10 | 12 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 | 9 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 | 16 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 10:30 | 16 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Í dag verður hægt að spyrja garðyrkjufræðinga Grasagarðsins spjörunum úr um garðrækt.

## 6. SEPTEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** EinarIndra, Tonik Ensemble & CeaseTone útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Tónleikar á Húrra. Leikar hefjast klukkan átta og þúsund kall inn.

**Hvað?** Söngvar um ástina, lífið og dauðann
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Seltjarnarneskirkja
Tónleikar Brynhildar Þóru Þórsdóttur í Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 6. september. Flutt verða meðal annars verk eftir Strauss, Tsjajkovskí og Schubert.

### Viðburðir

**Hvað?** Vélráð Ragnars Kjartanssonar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Safnahúsið, Hverfisgötu
Hlynur Helgason, lektor í listfræði við Háskóla Íslands, flytur fyrirlestur í samstarfi Listfræðafélags Íslands og Safnahússins, miðvikudaginn 6. september kl. 12. Fyrirlesturinn ber titilinn „Vélráð Ragnars Kjartanssonar“ og þar verður núverandi sýning Ragnars Kjartanssonar í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur, „Guð, hvað mér líður illa“, skoðuð og krufin. Sérstök áhersla verður lögð á að greina samsetningu sýningarinnar þar sem ólíkir þættir, áherslur og miðlar eru nýttir til að skapa hugarfar og ástand.

**Hvað?** Ofgnóttin í garðinum – Uppskerupælingar í Grasagarði Reykjavíkur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Garðyrkjufræðingar Grasagarðs Reykjavíkur og matjurtaklúbbur Garðyrkjufélags Íslands, Hvannir, bjóða gestum og gangandi í spurt og spjallað við matjurtagarð Grasagarðsins miðvikudaginn 6. september. Hægt er að koma við í Grasagarðinum hvenær sem er á milli kl. 18 og 19.30 þennan dag og fá góð ráð.

**Hvað?** Josef Tarrak x Uyarakq x Fever Dream
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** KEX hostel, Skúlagötu
Rapparinn Josef Tarrak Petrussen frá Grænlandi treður upp ásamt Uyarakq og Fever Dream á KEX hosteli við Skúlagötu 28 í Reykjavík. J.T.P. GL er rísandi stjarna í grænlensku tónlistarlífi og sameinar með tónlist sinni einlæga sviðsframkomu og ögrandi skoðanir á grænlenskum þjóðfélagsmálum og sambandinu við Danmörku. Hann hefur komið fram á listahátíðum eins og Berlinale og Documenta. Aqqalu Berthelsen, sem er betur þekktur undir nafninu Uyarakq, er grænlenskur raftónlistarmaður, framleiðandi og plötusnúður.

**Hvað?** Kjallaradjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Hópurinn sem gerði mánudaga spennandi í fyrsta sinn í sögunni með Mánudjassi á Húrra ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að miðvikudagar eru hinir nýju fimmtudagar. Þeir munu tvinna litríka samba-ryþma og almenna gleði inn í grámóskulegt háskólasamfélagið. Kvöldin eru með frjálslegu ívafi og allir sem vilja syngja, dansa eða spila á hljóðfæri eru velkomnir og hvattir til að stíga í sviðsljósið og taka þátt. Píanó, harmonikka og gítar á staðnum.

# Ævar vísindamaður leggur UNICEF lið annað árið í röð



Ævar Þór Benediktsson hjálpar nú UNICEF-hreyfingunni annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ævar Þór Benediktsson leggur UNICEF lið við að framleiða fræðslumyndband um skólastarf við neyðaraðstæður. Þetta er í annað sinn sem Ævar vísindamaður kemur að verkefninu en hann lagði því lið í fyrra.

**TÆPLEGA FIMMTÍU GRUNNSKÓLAR OG YFIR SJÖ ÞÚSUND GRUNNSKÓLANEMAR UM ALLT LAND TAKA ÞÁTT.**

Í ár er metþátttaka í verkefninu en aldrei hafa fleiri grunnskólar skráð sig til leiks. Tæplega fimmtíu grunnskólar og yfir sjö þúsund grunnskólanemar um allt land taka þátt.

Ævari til halds og trausts var Héðinn Halldórsson, en hann starfar fyrir UNICEF með sýrlenskum börnum á flótta í Líbanon. Myndin segir sögu fimm barna sem hafa þurft að flýja heimaland sitt vegna átaka. Öll vilja börnin mennta sig og fá sum þeirra aðstoð UNICEF til þess.

Myndina er hægt að nálgast á netinu og hún er því opin börnum, aðstandendum og öllum áhugasömum til áhorfs.

Myndin er tekin í Sjálandsskóla og Norðlingaskóla. Handritið er unnið í samstarfi við Ævar Þór og um upptöku og klippingu sá Steindór Gunnar Steindórsson hjá UNICEF.








BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| The Square | 17:15, 20:00 |
| Kongens Nei | 17:30 |
| The Greasy Strangler | 18:00 |
| Sami Blood: Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs | 20:00 |
| Hjartasteinn | 20:00 |
| BPM (120 Beats Per Minute) | 22:00 |
| The Other Side Of Hope | 22:45 |
| Ég Man Þig | 22:30 |



# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



### THE BOLD TYPE

Þær eru flottar og með tískuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet. Allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna en einnig finna ástina sjálfum sér til handa.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

### JAMIE´S 15 MINUTE MEALS

Stórskemmtilegir og hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



### THE NIGHT SHIFT

Spennandi læknaþættir sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.



### NASHVILLE

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



### ORANGE IS THE NEW BLACK

Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.




### MORTDECAI

Gamansöm spennumynd með Johnny Depp, Ewan McGregor og Gwyneth Paltrow í aðalhlutverkum.



### CURB YOUR ENTHUSIASM

Í heimi þar sem almenn leiðindi eru skemmtilegust og óþolinmæði og smámunasemi eru fremstar allra dyggða, þar er Larry Davies ókrýndur konungur.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Bomban
**11.10** Heilsugengið
**11.30** Olive Kitteridge
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.20** The Night Shift
**14.05** Major Crimes
**14.45** Hart of Dixie
**15.30** Schitt's Creek
**15.50** Hollywood Hillbillies
**16.10** Mike & Molly
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** The Bold Type
**21.05** The Night Shift
**21.50** Nashville
**22.35** Orange is the New Black
**23.30** NCIS
**00.15** Animal Kingdom
**01.05** Training Day
**01.45** Cardinal
**02.30** Cardinal
**03.10** Cardinal
**03.55** Covert Affairs
**04.35** The Mysteries of Laura
**05.20** Married

### STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Undankeppni HM - Portúgal - Færeyjar
**09.20** Undankeppni HM - Búlgaría - Svíþjóð
**11.05** HM Markasyrpan
**11.25** Undankeppni HM - Moldóva - Wales
**13.05** Undankeppni HM - Írland - Serbía
**14.45** Undankeppni HM -Tyrkland - Króatía
**16.25** Undankeppni HM - Ísland - Úkraína
**18.05** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2017/2018
**18.30** Markaþáttur Undankeppni HM 2018
**19.20** Meistarakeppni HSÍ
**21.00** NFL Hard Knocks 2017
**21.50** Undankeppni HM - England - Slóvakía
**23.30** Undankeppni HM - Norður-Írland - Tékkland

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Undankeppni HM - Moldóva - Wales
**08.40** Undankeppni HM - Írland - Serbía
**10.20** Undankeppni HM - Tyrkland - Króatía
**12.00** Undankeppni HM - Ísland - Úkraína
**13.40** HM Markasyrpa
**14.05** Undankeppni HM - Frakkland - Holland
**15.45** Undankeppni HM - Tékkland - Þýskaland
**17.25** Undankeppni HM 2018 - Spánn - Ítalía
**19.05** Formúla 1 2017 - Keppni
**21.35** Markaþáttur Undankeppni HM
**22.25** Pepsi-deild kvenna -Þór/KA - Stjarnan
**00.05** Meistarakeppni HSÍ
**01.40** NFL Hard Knocks 2017

### STÖÐ 3

**17.25** New Girl
**17.50** Mike & Molly
**18.10** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family
**19.00** Curb Your Enthusiasm
**19.35** Dulda Ísland
**20.30** Lóa Pind: Battlað í borginni
**21.30** Man Seeking Woman
**21.55** Cold Case
**22.40** Supernatural
**23.25** Luck
**00.20** Banshee
**01.10** Modern Family
**01.35** Curb Your Enthusiasm
**02.10** Dulda Ísland
**03.05** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Skógardýrið Húgó
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Skógardýrið Húgó



Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Dell Technologies Championship
**12.05** Golfing World 2017
**12.55** Dell Technologies Championship
**16.25** Dell Technologies Championship
**21.50** Golfing World 2017
**22.40** Champions Tour Highlights 2017
**23.35** PGA Highlights 2017

### STÖÐ 2 BÍÓ

**11.40** War Room
**13.40** Absolutely Anything
**15.05** Goosebumps
**16.50** War Room
**18.50** Absolutely Anything
**20.15** Goosebumps
**22.00** Mortdecai Spennumynd með gamansömu ívafi með Johnny Depp, Ewan McGregor og Gwyneth Paltrow. Þegar verðmætu málverki eftir Goya er stolið af listasafni leitar lögreglan til gjaldþrota lávarðarins og listaverkamiðlarans Charles Mortdecai, enda hefur hann sambönd í listaverkaheiminum sem fáir aðrir hafa. Dyggilega studdur af þjóni sínum, Jock Strapp, byrjar hann að grennslast fyrir um málið sem á eftir að reynast flóknara en hann hélt.
**23.45** Meet Joe Black
**02.40** Skin Trade
**04.15** Mortdecai

### RÚV

**11.35** Slóvenía - Frakkland
**13.35** Eldhugar íþróttanna
**14.00** Íþróttaafrek
**14.20** Grikkland - Pólland
**16.15** Hið ljúfa líf
**16.35** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.00** Táknmálsfréttir
**17.15** Finnland - Ísland
**19.50** Víkingalottó
**20.00** Fréttir
**20.25** Íþróttir
**20.30** Veður
**20.35** Vatnajökull - Eldhjarta Íslands
**21.05** Töfrar Houdini
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** EM í körfubolta 2017. Samantekt
**22.40** Lifi Frakkland
**00.05** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Psych
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Great Indoors
**14.40** Crazy Ex-Girlfriend
**15.25** America's Funniest Home Videos
**15.50** Kitchen Nightmares
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Life in Pieces
**20.10** Old House, New Home
**21.00** Chicago Justice
**21.45** The Handmaid's Tale
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** Deadwood
**01.05** Chicago Med
**01.50** How to Get Away with Murder
**02.35** The Catch
**03.20** Dice
**03.50** Chicago Justice
**04.35** The Handmaid's Tale
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

SEPTEMBER | 2017

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM




# ÖKUM ÖRUGG INN Í HAUSTIÐ MEÐ SKOÐUN FRUMHERJA

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ**

Starfsmenn Frumherja skoða bíla á 30 stöðum um land allt, sjá staðsetningar á frumherji.is

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Tískustraumar sem minna á árið 2000


Stílistinn Stella Björt fer yfir tískustrauma vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Stílistinn Stella Björt Bergmann Gunnarsdóttir fer yfir hausttískuna. Hún segir jogginggalla og dragtir verða aðalmálið þennan veturinn. Sömuleiðis támjóa skó, köflóttar flíkur og góða dúnúlpu. Innvíðu buxurnar víkja þá fyrir víðara sniði og rauður er litur vetrarins.**

Aðspurð hvernig hún myndi lýsa tískunni sem mun ríkja í haust og vetur segir stílistinn Stella Björt Bergmann: „Sport í bland við „business bitch“ væri góð leið til að lýsa tískunni í haust og vetur. Svokölluð „track suits“ verða áberandi, stórar dúnúlpur í anda Vetements og Balenciaga og dragtir í öllum útgáfum verða vinsælar,“ segir Stella. Hún segir smart að vera ýmist í strigaskóm eða pinnahælum við dragt.

**Þótt ótrúlegt megi virðast er 2000-tískan að ryðja sér til rúms. Það er eitthvað sem fáir sáu fyrir. Örsmá sólgleraugu í skærum litum, flauelsgallar, „denim on denim“ og támjóir skór með örlitlum hæl.**

„Strigaskór eru hvergi nærri dottnir úr tísku og verða sterkir sem aldrei fyrr í vetur. Fyrir þá sem vilja vera ögn meira áberandi eru litaðir feldir, jakkar úr pvc-efni og glimmerskór að koma mjög sterkt inn. Í mynstrum eru köflótt, dökk blómamynstur og hlébarðamynstur mest áberandi,“ segir Stella.

„Þótt ótrúlegt megi virðast er 2000-tískan að ryðja sér til rúms. Það er eitthvað sem fáir sáu fyrir. Örsmá sólgleraugu í skærum litum, flauelsgallar, „denim on denim“ og támjóir skór með örlitlum hæl,“ tekur Stella sem dæmi. „Klassíska alpahúfan er einnig komin aftur eftir langa pásu.“

Spurð út í vinsæla liti segir Stella: „Rautt er klárlega allsráðandi þetta misseri. Aðrir áberandi litir eru appelsínugulur og kóngablár.“

En hvað er að detta úr tísku? „Gallabuxnatískan er að breytast töluvert. Innvíðar gallabuxur eru hægt og rólega að detta út og víðar gallabuxur að taka við. Chokerhálsmen eru einnig farin að sjást mun minna og eru látlausar keðjur orðnar hið nýja „go to“-hálsmen.

Hvað er svo nauðsynlegt að eiga í fataskápnum í vetur fyrir þá sem vilja tolla í tískunni? „Dragt sem hægt er að klæða upp og niður og góð dúnúlpu.“

gudnyhronn@365.is

### Vinsælt í vetur

- Jogginggallar
- Buxnadragtir
- Stórar dúnúlpur
- Strigaskór
- Litaðir loðfeldir
- Köflótt og hlébarðamynstur
- Litlar sólgleraugnaumgjarðir
- Támjóir skór
- Gallaefni við gallaefni
- Alpahúfur
- Víðar gallabuxur


Alpahúfur úr leðri sáust á tískupallinum hjá Christian Dior.

Stella segir litlar sólgleraugnaumgjarðir ná auknum vinsældum í vetur, líkt og sást á sýningu Balenciaga.


Fyrirsæta í „double denim“ á sýningu Paul & Joe.

Jogginggallar voru áberandi á tískupallinum hjá Marc Jacobs. NORDICPHOTOS/GETTY

Köflótt verður vinsælt í vetur eins og haust- og vetrarlína Balenciaga gefur til kynna.

Rauður er litur vetrarins. Frá sýningu Jil Sander.


Ævintýralegar skíðaferðir til Rúmeníu.
Skíða, kastala og borgarferðir til Rúmeníu í janúar/febrúar 2018. Verð frá 126.000 – 239.000 á mann í tvíbýli. Skíðað verður í Poiana Brasov. Þetta eru vikuferðir þar af einn dagur þar sem höfuðborgin Búkarest verður skoðuð og gist á 4 stjörnu hóteli staðsettu í miðborginni.
Innifalið
Flug og skíðin með
Ferðir til og frá flugvelli
Skoðunarferð í Búkarest og gisting
Ef staðfest er fyrir 20. september fylgir skíðapassi
Áhugaverðir staðir sem gaman er að skoða
Dracula kastalinn 22 km
Miðaldaborgin Brasov 12 km
Griðasvæði skógarbjarna 6 km
Verðlag í Rúmeníu er eitt það besta í Evrópu.
Eftirtaldar dagsetningar eru í boði.
21. janúar - 28. janúar
28. janúar - 04. febrúar
04. febrúar - 11. febrúar
11. febrúar - 18. febrúar
Verð frá
126.000 - 239.000
á mann í tvíbýli
Sjá nánar á heimasíðu. www.rumeniuferdir.ro og á Facebook, Rúmeníu ferðir. Öllum fyrirspurnum svarað á
jonvalur@rumeniuferdir.ro / sigrun@rumeniuferdir.ro
Rúmeníu Ferðir















Djúpið fjallaði um það þegar Hellisey fórst og Guðlaugur Friðþórsson synti í land. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Djúpið sokkið í sæ gjaldþrots

**Það kom nánast eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar fréttir birtust af gjaldþroti kvikmyndarinnar Djúpsins, sem mikill fjöldi Íslendinga sá. Ekki algengt undanfarin ár að kvikmyndir fari í þrot.**

Alls nema kröfur í félagið Andakt um 110 milljónum króna en félagið var stofnað til að halda utan um rekstur á kvikmyndinni Djúpinu. Mbl. is upplýsti þetta á mánudagskvöldið. Engar eignir eru í búinu.

Djúpið var gríðarlega vinsæl mynd í kvikmyndahúsum og sáu um 51 þúsund manns hana með popp og kók í bíósætinu. Á.B. Lyfting á rúmlega 10 milljóna króna kröfu í þrotabúið. Forsvarsmenn fyrirtækisins vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

Deilurnar snerust um leigu á krönum sem notaðir voru á tökustað. Enginn skriflegur samningur lá fyrir í málinu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem kvikmynd Baltasars Kormáks fer í þrot. Myndin A Little Trip to Heaven fór í þrot 2008 og Hafið sömuleiðis en mikið var rætt og ritað um bruna í gamla frystihúsi Síldarvinnslunnar við gerð þeirrar myndar.

Kristinn Þórðarson, formaður Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, segir að það sé ekki algengt að íslenskar myndir fari í þrot. „Það gerðist meira hér áður fyrr. Kvikmyndasjóður hefur verið sveltur frá hruni þó íslensk kvikmyndagerð hafi gengið vel, sérstaklega undanfarin fimm ár. Það er varla íslensk bíómynd gerð án þess að hún fari á einhverja stóra hátíð og geri það gott,“ segir hann og bætir við að hann þekki ekki hvernig málum var háttað með Djúpið og geti því ekki tjáð sig um það.

„Það getur allt komið fyrir. Íslenskar bíómyndir eru í raun lítið hlutafélag og það getur margt gerst, ekki bara í kvikmyndaiðnaðinum heldur víða í þjóðfélaginu.“

Hann bendir á að íslenskir kvikmyndagerðarmenn séu gríðarlega úrræðagóðir miðað við fáar krónur. Það sýni verðlaun undanfarin ár. Þessi frétt sé því undantekning.

**benediktboas@365.is**

## GJALDÞROTAMYNDIR BALTASARS




### Djúpið

**Frumsýnd 2012**

**115 milljónir**
**voru kröfur í búið**

**50.266**
**Sáu myndina**

Stór kröfuhafi:
**Á.B. Lyfting – 10 milljónir**
Aðsókn á opnunarhelgi: 9.996




### Hafið

**Frumsýnd 2002**

**327 milljónir**
**voru kröfur í búið**

**58.076**
**Sáu myndina**

Stór kröfuhafi:
**Síldarvinnslan – 76 milljónir**
Aðsókn á opnunarhelgi: 8.176




### A Little Trip to Heaven

**Frumsýnd: 2005**

**388 milljónir**
**voru kröfur í búið**

**Alls aðsókn: Tölur fundust ekki.**

Stór kröfuhafi:
**Kaupþing – 341 milljón**
Aðsókn á opnunarhelgi: 6.671

**Heimild um aðsókn á opnunarhelgi: Klapptré. Heimild um heildaraðsókn: Hagstofan**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Völuteigi 19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0039



# RISA LAGERSPRENGJA

Opið virka daga 12-18:30
Laugard. 12-16
Sunnud. 13-16




AÐEINS NOKKRIR DAGAR - AÐEINS NOKKRIR DAGAR

# 20-70%





af skiptidýnum, sýnishornum, útlitsgölluðum dýnum, stillanlegum, rúmum, hvíldarsófum og hvíldarstólum, rúmteppum, lökum o.fl.



## MIKIÐ ÚRVAL AF DÝNUM

**Þór heilsudýna m/PU leðurbotni og fótum 120x200 cm**

**Verð áður kr. 134.900.-**
**Verð nú aðeins kr. 108.675.-**

**65%** af eldri sendingu af Life sængum 140x200 cm
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 6.965.-

**Ótrúlegt verð**

Gömlu og góðu
**Jersey bómullarlökin**
**80 cm beige kr. 3000.-**
**Queen stærð, 153 cm hvít kr. 4000.-**

Frábær tilboð í verslun meðan á lagersölu stendur

**20%** af sængurverasettum - 80 teg.
20% af hlífðardýnum og lökum
10% af Hefel


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
Fimm stjörnu verslun
**Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ**
Sími 660 0039

*3.5% lántökugjald

**www.svefnogheilsa.is** Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Bjarna Karlssonar




## Ónýtar tennur

Við lifum í þjóðfélagi þar sem flest er í lagi. Þrátt fyrir þrálátan ójöfnuð sem auðvitað rýrir samfélagið að innan hefur fólk á Íslandi almennt aðstæður og getu til að gera og vera eitthvað sem skiptir það máli því það hefur næg úrræði til að grípa í og nógu góð tengsl til þess að njóta lífsins. Þess vegna finnst okkur svo fáránlegt þegar örfáar manneskjur – bara nokkur þúsund – eru hafðar fátækar. Ellefu prósentin sem Flokkur fólksins fær samkvæmt Gallup er til vitnis um að fólk er hætt að nenna að hafa þetta svona. Fátækt þessara fáu skerðir lífsgæði allra.

Ef þú ræðir við reyndan félagsráðgjafa eða fólk sem vinnur við innanlandsaðstoð hjá Rauða krossinum, Hjálparstarfi kirkjunnar, Samhjálp eða Hjálpræðishernum að ógleymdri Mæðrastyrksnefnd eða Fjölskylduhjálpinni þá er ein birtingarmynd fátæktar sem allir þessir aðilar eru alveg vanmáttugir gagnvart: Fólk með ónýtar tennur sem hefur ekki efni á tannlæknaþjónustu. Þetta fólk þjáist mikið líkamlega og einangrast líka félagslega af því það einfaldlega skammast sín fyrir að brosa.

Vorið 2013 tók gildi samningur Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélagsins um tannlækningar barna. Það var stórkostleg réttarbót þar sem margir lögðust á árar um að knýja fram löngu tímabærar breytingar. Á næsta ári mun samningurinn ná marki sínu þannig að 2018 eiga öll börn kost á öruggri tannlæknaþjónustu og þjóðin andar léttar. Væri ekki sanngirnismál að koma því þannig fyrir að fullorðið fólk sem lifir við stöðuga líkamlega þjáningu og félagslega einangrun vegna þess að það er með ónýtar tennur og hefur ekki peninga til að borga geti líka fengið úrlausn sinna mála? Myndi okkur ekki öllum líða betur?


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland




GLAMOUR fylgir með *Stóra- og Risapakkanum*




Kynntu þér málið á 365.is 365




*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS